

**LILJA DRÖFN DAGBJARTSDÓTTIR**

*Elskar plötuna um músina Pílu Pínu*

heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**EINAR FALUR INGÓLFSSON**

*Velur bestu ljósmyndara Íslandssögunnar*

Vonar að valið verði umdeilt

FÓLK 18









FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. júlí 2009 — 170. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



**Fer út til að sigra**

Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir keppir í Miss Universe.

TÍMAMÓT 14

**Guðsmenn í vanda**

„Enn á ný er þessi spillta og forneskjulega stjórn að drepa fólk og ógna einföldum réttindum manna,“ segir Jón Ormur Halldórsson um klerkastjórnina í Íran.

Í DAG 12

**Selja grænmeti**



Jón Þór Þorleifsson og félagar í samkynhneigða íþróttafélaginu Styrmi safna fyrir Danmerkurferð.

FÓLK 22



**Fylgist vel með stelpunum næstu daga**

Sigurður Ragnar Eyjólfsson velur hópinn á EM á næstu vikum.

ÍÞRÓTTIR 17

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HLÝJAST Í BORGINNI** í dag verða NA 8-13 m/s á Vestfjörðum og við suðausturströndina, annars hægari. Bjartviðri á vestan- og norðvestanverðu landinu. Hiti 10-22 stig, einna hlýjast í borginni.

VEÐUR 4

# Lífeyrissjóðirnir til bjargar Landsvirkjun

**Landsvirkjun heldur skuldabréfaútboð til þess að endurfjármagna skuldir. Hrafn Magnússon segir stærstu lífeyrissjóðina ætla að hlaupa undir bagga með Landsvirkjun. Framkvæmdastjóri LSR staðfestir að þetta hafi verið rætt.**

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Landsvirkjun mun vera með skuldabréfaútboð á næstunni til þess að endurfjármagna skuldir. Búið er að kynna þessa hugmynd fyrir flestum stærstu lífeyrissjóðum landsins.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að tíu til fimmtán stærstu lífeyrissjóðir landsins hyggist hlaupa undir bagga með Landsvirkjun. Rætt hafi verið að lána Landsvirkjun fjármagn til endurfjármögnunar. Ekki sé verið að lána til einstakra verkefna.

„Þetta yrði aðallega gert til að styrkja lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar og ég held að þetta hljóti að verða ljóst um mánaðamótin hvernig kaup og kjör verða,“ segir Hrafn. Hann telur þó líklegt að lánin verði á ákjósanlegum vöxtum og hagstæð fyrir lífeyrissjóðina.

Nýverið lækkaði lánshæfismat Landsvirkjunar hjá Standard og Poor‘s niður í BB (stöðugar horfur). Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að Landsvirkjun hafi kynnt sín mál fyrir lífeyrissjóðunum. Ekki liggi þó fyrir hvernig þetta verði.

„Það hefur verið rætt um það í samfélaginu að lífeyrissjóðirnir komi að atvinnuuppbyggingu og þar á meðal í orkuiðnaðinum,“ segir Þorsteinn.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, staðfestir að Landsvirkjun hafi rætt við þá um skuldabréfaútboð. „Þeir hjá Landsvirkjun hafa kynnt þetta fyrir okkur og öðrum lífeyrissjóðum og þetta er mál sem við erum að skoða,“ segir Haukur.

Vilhjálmur Egilsson, stjórnarformaður Gildis lífeyrissjóðs, segir að hann rámi í að þetta hafi verið rætt á stjórnarfundi. Það hafi hins vegar ekki verið djúpt farið í það. Spurður hvort Gildi hafi áhuga segir hann það fara eftir því hvernig kjör yrðu á skuldabréfunum.

- vsp




**ÉG FER Á PUTTANUM** Frönsk stelpa og þýskur strákur húkka far til Hveragerðis á Miklubrautinni í gær. Ekki er vitað hvort þau fengu ósk sína uppfyllta en mikið hefur borið á puttaferðalöngum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GUÐMUNDUR ÓSKAR SIGURÐSSON** Ræktar maðka í Vogum á Vatnsleysuströnd. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Múrari í Vogunum:

## Búinn að rækta milljón maðka

**FÓLK** Guðmundur Óskar Sigurðsson ræktar maðka í Vogum á Vatnsleysuströnd. „Ég er aðallega að rækta orma til áburðarframleiðslu og svo til að eyða rusli,“ segir Guðmundur sem er með milljón maðka þótt stutt sé síðan hann byrjaði að rækta. Í næsta mánuði verða þeir orðnir sex milljónir.

Guðmundur starfaði áður sem múrari en maðkaframleiðsluna lærði hann í Englandi. Hann ætlar að halda námskeið um ræktunina fyrir áhugasama Íslendinga, segir þetta bæði frábært hobbý og svo megi hafa lifibrauð af þessu. - jbg / sjá síðu 22

Stolnum bíl veitt eftirför:

## Hvolpurinn slapp ómeiddur

**LÖGREGLA Lögreglan veitti bifreið um klukkustunda eftirför frá Breiðholti að Svínadal í Hvalfirði í gær. Endaði eltingaleikurinn með því að ökumaðurinn keyrði út í skurð. Þurfti að flytja hann með sjúkrabíl til Reykjavíkur. Hvolpur, sem maðurinn var með í bílnum, slapp hins vegar vel og var í góðu yfirlæti hjá lögreglunni í gærkvöldi.**

**Flóttabílnum hafði verið stolið frá bensínstöð Shell í Árbæ fyrr um daginn. Eigandinn hafði farið inn á bensínstöðina til að greiða fyrir eldsneyti en þegar hann sneri til baka sá hann bílnum sínum spólað burt.** - vsp

Ágreiningur um meinta skuld gamla Kaupþings við nýja Kaupþing:

# Endurfjármögnun kynnt í dag

**EFNAHAGSMÁL** Drög að samkomulagi um endurfjármögnun og endurskipulagningu ríkisbankanna verða kynnt snemma í dag. Kynnt verður áætlun um hvað muni taka við næsta mánuðinn eftir að frestur Fjármálaeftirlitsins rann út á föstudaginn. Auk þess verður farið yfir hugsanlegar breytingar á eignarhaldi á næstunni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun ríkið fá fulltrúa í stjórnum bankanna.

Nokkur óánægja er innan Skilanefndar Kaupþings með þann fréttaflutning að gamli Kaupþing skuldi nýja Kaupþingi fé eftir að eignir og innlán voru flutt yfir til bankans í október síðastliðnum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telur skilanefnd Kaupþings svo ekki vera. Eignir nýja bankans eigi að duga fyrir þeim skuldbindingum sem felast í innlánum gamla bankans sem nýi Kaupþing tók yfir. Nokkur ágreiningur mun hafa verið um þessi málefni undanfarna daga sem tafið hafi samningagerð. -bþa










**SPURNING DAGSINS**



*Sigurjón, munuð þið ekki „leika“ ykkur að þessu?*

„Jú, engin spurning. Þetta verður „pís of leik“.“

Sigurjóni Brink og Gunnari Ólasyni var boðið að spila á hóteli, veitingastað og risastórum írskum bar við Michigan-vatn.

Utanríkisráðherra Þýskalands styður aðildarumsókn Íslands að ESB:

# Segir Merkel styðja umsóknina

**ÞÝSKALAND** Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, sagðist styðja aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu, í viðtali við þýsku sjónvarpsstöðina ZDF í gær.

„Forsætisráðherra Íslands kom til mín nýlega á fundi í Brussel. Ég sagði honum að við myndum styðja aðildarumsókn Íslands,“ sagði Steinmeier sem sagðist ekki trúa öðru en að Angela Merkel, kanslari Þýskalands, væri sammála honum.

Steinmeier er kanslaraefni sósíaldemókrataflokksins í Þýskalandi, systurflokks Samfylkingarinnar og mun etja kappi um kanslarastólinn við Merkel í haust.



FRANZ WALTER STEINMEIER



ANGELA MERKEL

„Allir vita að Ísland er töluvert þróaðra en önnur lönd sem hafa nú þegar sent inn aðildarumsókn,“ segir Steinmeier sem verið hefur utanríkisráðherra frá 2005 og varakanslari Þýskalands frá 2007.

Markus Ferber, þingmaður kristilega sambandsflokksins í Bæjaralandi, systurflokks Merkel, sagðist nýlega vera mótfallinn aðildarumsókn Íslands. Sagði hann frekar þyrfti að sameina þau 27 lönd sem fyrir væru í sambandinu.

Kristilegi sambandsflokkurinn býður einungis fram í Bæjaralandi en flokkur Merkel býður fram í hinum 15 ríkjum Þýskalands. **- vsp**

Glæfraskapur í fyrrinótt:

## Ölvaðir strákar reyndu að klífa Hallgrímskirkju

**LÖGREGLAN Þrjú ölvuð ungmenni reyndu að klifra upp á turn Hallgrímskirkju í fyrrinótt um klukkan þrjú. Komu strákarnir niður eftir að lögreglan hafði nokkrum sinnum ítrekað ósk sína um að þeir kæmu niður.**

**Ekki höfðu þeir náð að fara upp á kross Hallgrímskirkju, eins og nokkrir aðrir hafa gert. Til þess þarftu að klifra út á timburpalla vegna viðgerða sem standa yfir á byggingunni.**

**Drengirnir gistu ekki fangageymslu lögreglu um nóttina. - vsp**

Ferðamaður klemmdist illa:

## Hjálp fékkst frá danskri þyrlu

**UMFERÐ Franskur ferðamaður er illa haldinn eftir umferðarslys við Gæsavatnaleið, að sögn lögreglunnar á Húsavík. Ferðamaðurinn, sem var bílstjóri bílsins, var að losa kerru aftan úr bílnum þegar bíllinn rann skyndilega á hann. Við það klemmdist hann milli bílsins og kerrunnar.**

**Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð á vettvang og var hann fluttur á spítala í Reykjavík. Á sama tíma og verið var að fljúga með hann var veik kona á Suðurlandi sem þurfti hjálp. Landhelgisgæslan hefur bara yfir einni þyrlu að ráða og þurfti því að fá hjálp frá danskri þyrlu. - vsp**

# Icesave rætt í fyrsta lagi á fimmtudag

**Formaður fjárlaganefndar segir nefndarálit um Icesave verða tilbúið í fyrsta lagi á miðvikudag. Umræða geti hafist á fimmtudag eða jafnvel eftir helgi. Ólöf Nordal vill fresta málinu fram á haust. Ekki þarf að klára fyrr en í september.**

**STJÓRNMÁL** Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, segir að nefndin sé að vinna eins fljótt og hægt er að því að klára vinnu við nefndarálit um Icesave-samninginn. Álitið verður tilbúið í fyrsta lagi á miðvikudaginn, að sögn Guðbjarts.

„Ég vil meina að allt sem við þurfum til að taka ákvörðun liggi fyrir. Þá er bara að skrifa nefndarálit og hugsanlega gera tillögur að breytingum á frumvarpinu,“ segir Guðbjartur. Hann segir að reynt verði að ná breiðari sátt um málið.

Til dæmis finnist mönnum að setja eigi endurskoðunarákvæði í samninginn. Verið er að skoða hvort ákvæðið muni fella samninginn. Telur Guðbjartur að málið fari til þriðju umræðu í fyrsta lagi á fimmtudag eða tefjist jafnvel fram í næstu viku.

Fjárlaganefnd fundar á morgun en nefndarálit er ekki hægt að skrifa fyrr en nefndarálit koma frá efnahags- og skattanefnd og utanríkismálanefnd. Álit fjárlaganefndar um Icesave er meðal annars unnið upp úr hinum tveimur álitunum.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar, segir að nefndin hafi lokið við að hitta gesti og verið sé að leggja lokahönd á umsögn nefndarinnar. Nefndin hefur haft málið til umfjöllunar í hálfan mánuð.

„Ég reikna með að þetta verði rætt í nefndinni á morgun eða í síðasta lagi á þriðjudaginn til að kanna hvort það er samstaða um álitið,“ segir Helgi, sem setur þó þann fyrirvara að þetta gæti tekið lengri tíma.

Ólöf Nordal, þingkona Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi í fjárlaganefnd, vill fresta málinu fram á haust. Vill hún að fjárlaganefnd noti sumarið „til að vinna að þessu af einhverju viti“ og þingið klári þetta á septemberþinginu.

„Samkvæmt samningnum þurfum við að afgreiða þetta á sumarþingi, en því lýkur 15. september. Það þýðir að við myndum hafa tvær vikur í september til að afgreiða þetta í staðinn fyrir að keyra þetta áfram án þess að vera búin að svara grundvallarspurningum um sjálfan samninginn,“ segir Ólöf.

**vidirp@frettabladid.is**



**ALÞINGI** Mörg mikilvæg mál bíða afgreiðslu auk Icesave. Forseti Alþingis telur að þingið klári í fyrsta lagi um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### MÖRG MÁL BÍÐA UMRÆÐU AUK ICESAVE

Ásta Ragnheiður Jóhannsdóttir, forseti Alþingis, segir ekki víst hvenær þingið klári, það verði að minnsta kosti ekki fyrr en um næstu helgi. Upphaflega stefndi Ásta að því að þingið myndi klárast í lok þar síðustu viku. Mörg mál bíða afgreiðslu, fyrir utan Icesave, áður en þinghaldi er frestað, að sögn Ástu.

„Það eru til dæmis frumvarp um fjölgun sérstakra saksóknara, frumvarp um bankasýslu ríkisins og ýmis viðskiptamál sem eru komin í aðra umræðu. Svo á eftir að mæla fyrir frumvarpi um fjármál stjórnmálaflokkanna og frambjóðenda sem var dreift í vikunni en það er óvíst hvort því þurfi að ljúka fyrir þinglok,“ segir Ásta. **- vsp**



**LEITARMENN** Leit hafði ekki borið árangur í gærkvöldi en mikið hafði rignt um daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Feðgin týndust í flúðasiglingu:

## Ólíklegt að feðgin séu á lífi

**NOREGUR, AFP** Talið er ólíklegt að 39 ára gamall Svíi og 6 ára dóttir hans hafi lifað af eftir að þau týndust í flúðasiglingu í ánni Skogså í Hjartdal í Noregi í gær. Báturinn, ásamt feðginunum, sást síðast gossast niður foss.

Björgunarlið var kallað á svæðið upp úr hádegi í gær en bátur, sem talinn er þeirra, fannst tómur skammt frá fossinum. Leitin hélt áfram að feðginunum fram á kvöld í gær en mikið hafði rignt um daginn og hafði leitin ekki borið árangur. Talið er ólíklegt að líkin finnist fyrr en stytt hefur upp. **- vsp**

Deila Írana og Breta:

## Sendiráðsstarfsmaður laus

**ÍRAN, AP** Írönsk stjórnvöld hafa látið starfsmann Breska sendiráðsins í Íran lausan gegn tryggingu. Maðurinn var einn níu starfsmanna sendiráðsins sem voru ásakaðir um að hafa efnt til fjöldamótmæla í kjölfar úrslita forsetakosninganna í Íran, en Mir Hossein Mousavi, forsetaframbjóðandi sakaði forseta Írans um stórfellt kosningasvindl.

Íranar telja starfsmenn breska sendiráðsins hafa staðið fyrir mótmælunum. Bresk stjórnvöld hafa vísað öllum ásökunum á hendur starfsmönnum sínum á bug.

Maðurinn bíður nú þess að réttað verði í máli hans. **- sm**

Skógareldar geisa í Kanada:

## Þúsundir flýja heimili sín

**KANADA, AP Um sautján þúsund manns hafa þurft að flýja heimili sín í Bresku Kólumbíu í Kanada vegna skógarelda sem þar geisa.**

**Eldarnir kviknuðu á laugardaginn og hafa þegar skilið eftir sig um 300 hektara af sviðinni jörð. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem skógareldar geisa í Bresku Kólumbíu, því árið 2003 brunnu um 240 heimili til kaldra kola þegar skógareldar fóru um svæðið. Að sögn yfirvalda hefur enginn slasast eða látist í eldunum. Slökkviliðsmenn eiga í erfiðri baráttu við að hefta eldinn því mjög þurrt og hlýtt er í veðri. - sm**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Hestakerra fór út af**

Bíll, með hestakerru aftan í, valt við skíðaskálann á Hellisheiði. Engin slys urðu á fólki og slys hestanna, sem voru þrír, voru minni háttar, samkvæmt lögreglunni á Selfossi.


you can Canon



**Taktu myndir á ystu nöf með Canon PowerShot D10**

Ný vatnsheld myndavél frá Canon sem hefur fengið frábæra dóma hjá gagnrýnendum. Taktu Canon PowerShot D10 með í sundið, veiðina, á ströndina eða þegar þú ferð á skíði.

Söluaðilar um land allt.
Nánari upplýsingar á **www.canon.nyherji.is**


Búið er að veiða 45 langreyðar af 150 dýra kvótanum:

# Aldrei verið vesen að selja þetta

**SJÁVARÚTVEGUR** Búið er að veiða 45 langreyðar af 150 dýra kvótanum sem gefinn var út síðasta vetur. 41 dýr er komið í land og fjögur voru á leið í land í gær, þegar náðist tal af Kristjáni Loftssyni, forstjóra Hvals hf.



KRISTJÁN LOFTSSON

En eruð þið búin að selja þetta út til Japans? „Auðvitað erum við búin að losa okkur við þetta, það er ekki vesen og hefur aldrei verið vesen,“ segir Kristján.

Ekki segist hann vita hvort þau muni klára langreyðakvótann fyrir veturinn. „Það fer eftir veðri, vindum og veiði,“ segir Kristján. Kvótann er hægt að flytja á milli ára, að sögn Kristjáns. Ef veidd eru 120 dýr er hægt að veiða 180 dýr á næsta ári, svo dæmi sé tekið.

Gert er út frá Hvalfirði og vinna nálega 100 manns þar við veiði og flensun á hvölunum. Tvö skip eru á veiðum, Hvalur 8 og Hval 9. **- vsp**



**HVALSKURÐUR** Gert er út frá Hvalfirði. Um 100 manns vinna þar á tveimur skipum, Hval 8 og Hval 9. Kristján veit ekki hvort allur kvótinn verður nýttur. „Það fer eftir veðri, vindum og veiði.“



Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# Gætirðu hugsað þér netsamband?

3G internet er nettenging sem hentar fyrir alla almenna netnotkun. Þú stingur pungnum í fartölvuna og ert komin(n) í samband. Fartölvan er því loksins orðin alvöru far-tölva.



**0 kr.** útborgun

**3G internet og pungur**

**Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mán. Allt að 5 Mb/s hraði og 5 GB netnotkun innifalin á mánuði.**

**Litir: Hvítur og svartur**

Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mánuði + 250 kr. greiðslugjald, greitt með kreditkorti.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## GENGIÐ 17.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,21 | 127,81 |
| Sterlingspund | 207,28 | 208,28 |
| Evra | 179,26 | 180,26 |
| Dönsk króna | 24,074 | 24,214 |
| Norsk króna | 19,888 | 20,006 |
| Sænsk króna | 16,251 | 16,347 |
| Japanskt jen | 1,3549 | 1,3629 |
| SDR | 197,46 | 198,64 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

231,9364

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Veðurstofan fylgist grannt með jarðhræringum á Suðurlandi:

# Aukin jarðskjálftavirkni í Eyjafjallajökli

**NÁTTÚRA** Mikil jarðskjálftavirkni hefur verið í Eyjafjallajökli frá því í júní. Líklegt er að orsök jarðskjálftanna sé kvikuinnskot, ekki ólíkt því sem gerðist árið 1994 og aftur árið 1999. Upptök flestra jarðskjálftanna eru á um tíu kílómetra dýpi og hafa stærstu jarðskjálftarnir verið um 3 á Richter að stærð.

„Það hefur verið að tínast til einn og einn skjálfti núna síðustu daga. Mest höfum við mælt fimm til sjö skjálfta á dag en flestir eru þeir litlir og því verður fólk ekki sérstaklega vart við þetta," segir Halldór Geirsson, jarðeðlisfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Halldór segir skjálftana ekki vera mikið áhyggjuefni eins og er. „Þetta er mjög svipað þeim atburðum sem áttu sér stað árið 1994 og 1999 og ef við erum að horfa á upphafið að slíkum atburði þá getum við búist við einhverri eldgosavirkni á næstu sex mánuðum," segir Halldór.

Eyjafjallajökull er 1.660 metra hár. Hann er eitt stærsta eldfjall Íslands og eitt af fáum sem flokka með sem eldkeilu en sú gerð eldfjalla er algeng víða um heim. - sm



**EYJAFJALLAJÖKULL** Efsta á jöklinum er lítil askja eða sigketill. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill sjálfstætt ákæruvald efnahagsbrota

**Helgi Magnús Gunnarsson er hlynntur því að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sameinist embætti sérstaks saksóknara. Það minnki tortryggni gagnvart rannsóknum á efnahagsbrotum. Svipað fyrirkomulag er í nágrannalöndunum.**

**STJÓRNSÝSLA** Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segist hlynntur því að efnahagsbrotadeildin sameinist embætti sérstakra saksóknara. Við það myndi tortryggni gagnvart rannsóknum efnahagsbrota minnka.



**HELGI MAGNÚS GUNNARSSON**

„Ég hef talið æskilegt að ákæruvald í efnahagsbrotum sé sjálfstætt, það er auðveldara að þetta sé óháð dómsmálaráðherra," segir Helgi. Efnahagsbrotadeild er undir ríkislögreglustjóra, sem einnig fer með rannsóknir á mörgum sviðum. Ríkislögreglustjóri er undir dómsmálaráðherra. Oft hefur skipulag ákæruvalds í efnahagsbrotamálum verið gagnrýnt í dómsmálum vegna þessarar skipanar.

Helgi segir gagnrýnina þó oft ekki réttmæta en núverandi skipulag ýti undir hana og verjendur séu duglegir að benda á þetta. Embætti sérstaks saksóknara sé óháðara í starfi og heppilegra sé að embættin vinni að rannsóknum saman en hvort í sínu lagi.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu á laugardag að dómsmálaráðherra teldi skynsamlegt að sameina embætti fjögurra sérstakra saksóknara og efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Málið verði skoðað með haustinu. Sérstakur saksóknari styður hugmyndina.

„Þetta er þannig í nágrannalöndunum, að rannsóknir efnahagsbrota eru undir sama hatti, og þetta mundi efla rannsóknir á sviði efnahagsbrota," segir Helgi sem segist alltaf hafa verið fylgjandi þessu fyrirkomulagi.

Þegar nýju sakamálalögin, sem tóku gildi 1. janúar, voru til meðferðar í allsherjarnefnd, gerði Helgi Magnús þá tillögu við nefndina að efnahagsbrotadeildin yrði flutt til héraðssaksóknara þar sem unnið yrði að rannsóknum og ákærum á efnahagsbrotum. Stofna átti embætti héraðssaksóknara með gildistöku laganna, og flytja ákæruvaldið frá ríkislögreglustjóra. Breytingunni var frestað fram til næstu áramóta vegna peningaskorts.

„Embætti sérstakra saksóknara er auðvitað bara tímabundið, þannig að það þarf að hugsa til framtíðar í þessum málum," segir Helgi. vidirp@frettabladid.is



**LOGOS** Húsleit var gerð hjá Logos nýlega á vegum sérstaks saksóknara. Dómsmálaráðherra, sérstakur saksóknari og saksóknari efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra styðja allir hugmynd um sameiningu tveggja síðarnefndu embættanna. Oft hefur skipan ákæruvalds á sviði efnahagsbrota verið gagnrýnd á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í NÝJU DELÍ** Hillary Clinton ásamt Sharad Pawar, landbúnaðarráðherra Indlands.

Ræða loftslagsmál á Indlandi:

## Clinton heimsækir Indverja

**INDLAND, AP Hillary Clinton hittir pólitíska leiðtoga Indlands í dag. Stjórn Baracks Obama þrýstir á Nýju Delí að virða takmörkun á losun koltvísýrings í samræmi við alþjóðlegt samkomulag.**

**Clinton hitti leiðandi aðila í viðskiptaheiminum í Mumbai á laugardag og í Nýju Delí í gær. Hún sagðist þess fullviss að löndin gætu búið til áætlun um hvernig má breyta framleiðsluháttum, neyslu og orkunotkun án þess að hindra efnahagslegan hagvöxt í landinu.**

**Indverjar vilja hins vegar að Vesturlönd minnki losun koltvísýrings um fjörutíu prósent á næstu tíu árum, áður en þau lofa nokkru.** -kbs

**ÍSAFJÖRÐUR**

### Upplýsingahús opnað

Nýtt upplýsingahús fyrir ferðamenn hefur verið opnað við Ísafjarðarhöfn. Húsinu er ætlað að veita farþegum skemmtiferðaskipa upplýsingar og aðstoð. Húsið leysir af hólmi kofa sem hingað til hefur verið notaður í þessum tilgangi.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Fimm stútar í Borgarfirði

Fjórir voru teknir grunaðir um ölvunarakstur í lögregluumdæmi lögreglunnar í Borgarnesi aðfaranótt sunnudags. Fimmti stúturinn var síðan tekinn í gærmorgun.

Flugslys í Afganistan:

## Þyrla hrapar

**AFGANISTAN, AP** Þyrla í eigu rússneska flugfélagsins Vertikal-T hrapaði í Afganistan í gærmorgun. Sextán manns fórust í flugslysinu og fimm manns slösuðust og voru fluttir til aðhlynningar á NATO sjúkrahús þar nærri.

Þyrlan var að hefja sig til flugs frá NATO flugvelli í suðurhluta Afganistans þegar hún hrapaði. Ekki er talið að um árás hafi verið að ræða og enginn hermaður var á meðal látinna. Þyrlan, sem tekur allt að 24 manns, var notuð til að ferja almenna borgara og matarbirgðir á milli smábæja í Afganistan. - sm



**BOWE BERGDAHL** Bandaríska hermanninum var rænt í síðasta mánuði

Hermaður í haldi talíbana:

## Myndband af hermanni sýnt

**AFGANISTAN, AP Bandaríski herinn hefur nafngreint hermanninn sem sést í myndbandi talíbana. Hann heitir Bowe Bergdahl og er frá Ketchum, Idaho. Bergdahl var numinn á brott af talíbönum þegar hann var við eftirlit í Paktika í austurhluta Afganistans.**

**Bergdahl segist hræddur og biðlar til landa sinna að þrýsta á yfirvöld að kalla herlið Bandaríkjanna heim. Talsmaður bandaríska hersins í Kabul segir notkun á hermanni til áróðurs brot á alþjóðlegum lögum. Reynt sé eftir fremsta megni að ná Bergdahl óhultum, einblöðungum dreift og launum heitið þeim sem endurheimta hann.** - kbs




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

**HITI 22 STIG**

Veðrið í dag verður mest spennandi á vestanverðu landinu. Þar ætti að geta orðið sólríkt lengst af í dag þó hætta sé á að það þykkni upp suðvestanlands þegar líður á síðdegið. Þá verður áberandi hlýjast á þessum slóðum og á suðvestanverðu landinu á ég von á hita upp undir 22 stig. Það sem skyggir á er að vindur er heldur að vaxa þar sem hann hefur verið hægastur.



**Á MORGUN**
5-13 stífastur við suðausturströndina og norðvestan til.

**MIÐVIKUDAGUR**
5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Amsterdam | 20° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 19° |
| Eindhoven | 22° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 23° |
| New York | 27° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 14° |
| París | 25° |
| Róm | 31° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Útsala

## 50% afsláttur af öllum vörum




ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

**herra GARÐURINN**

*-klæðir þig vel*

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS HUGO SAND strellson Van Gils gardeur CANALI PAL ZILERI FINUCCI bugatti LLOYD eterna POLO RALPH LAUREN



**KJÖRKASSINN**



*Hefði átt að setja fyrirvara um yfirráð yfir auðlindunum í þingsályktun um ESB?*

| | |
|---|---|
| Já | 77,8% |
| Nei | 22,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu hrædd(ur) við svínaflensuna?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Ríkið endurgreiðir sveitarfélögunum um 640 milljónir vegna húsaleigubóta:

# Miklu fleiri fá húsaleigubætur

**FJÁRMÁL** Ríkið mun endurgreiða sveitarfélögunum um 640 milljónir vegna húsaleigubóta fyrir árið 2008 og 2009. Þetta kom fram á ríkisstjórnarfundi á föstudag.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Húsaleigubætur voru hækkaðar í apríl í fyrra og var áætlaður viðbótarkostnaður vegna þeirra aðgerða um 720 milljónir. Samkomulag var milli ríkis og sveitarfélaga að ríkissjóður myndi greiða 60 prósent af heildarkostnaði en sveitarfélögin 40 prósent. Útgjöldin jukust hins vegar töluvert þar sem þeim fjölgaði mjög sem fengu húsaleigubætur.



**HÚSALEIGA** Ríkið endurgreiðir sveitarfélögunum um 640 milljónir króna vegna húsaleigubóta fyrir árin 2008 og 2009.

„Þegar við gerðum stöðugleikasáttmálann var skrifað upp á að þetta yrði klárað og gert upp. Ríkið er því bara að standa við gerða samninga,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sem kynnti þetta á ríkisstjórnarfundinum í gær.

Um 140 milljóna króna skuld er vegna ársins 2008 og hátt í 500 milljónir fyrir árið 2009. Gert er ráð fyrir að þetta verði afgreitt í aukafjárlögum í haust, að sögn Steingríms. „Tekjulægstu leigjendurnir njóta góðs af húsaleigubótum og við erum ákveðin í að láta þá ekki verða fyrir skerðingu,“ segir Steingrímur. **- vsp**

Seðlabankastjóri Suður-Afríku:

# Marcus tekur við embætti

**SUÐUR-AFRÍKA** Gill Marcus hefur verið skipuð í stöðu seðlabankastjóra Suður-Afríku. Hún tekur við af Tito Mboweni sem hefur gegnt stöðunni síðustu ár. Marcus var áður í stjórn Seðlabanka Suður-Afríku, en hefur undanfarin ár verið í stjórn bankasamstæðunnar Absa.

Mikil pressa er á Seðlabanka Suður-Afríku að afnema eða létta á verðbólgumarkmiðum bankans til að efla atvinnulífið í landinu. Forseti landsins, Jacob Zuma, segir að þrátt fyrir skiptin verði ekki slakað á peningastefnunni enda sé það óvarlegt við núverandi aðstæður. **-bþa**



**VIÐ HEIMAEY** Stór makríltorfa var vestan við Heimaey. MYNDÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Vestmannaeyjar:

# Fullt af makríl við Heimaey

**SJÁVARÚTVEGUR** Óvenjuleg sjón blasti við vegfarendum í Vestmannaeyjum á fimmtudagskvöld. Í sjónum vestast á Heimaey voru gríðarstórar makríltorfur vaðandi.

Óskar Pétur Friðriksson ljósmyndari tók myndir af torfunum og sagði hann að heyrst hefði vel í sjónum þegar makríllinn óð, sem hefði verið tilkomumikil sjón. **- þeb**

Ósjálfráða svikahrappur:

# Sigldi undir fölsku flaggi

**ENGLAND, AP Drengur frá Yorkshire í Englandi sannfærði breska flugumferðarstjóra um að hann væri viðskiptajöfur sem væri að koma á fót sínu eigin flugfélagi.**

**Drengurinn, sem gekk undir nafninu Adam Tait, átti í samskiptum við breska og bandaríska flugumferðarstjóra í sex mánuði í gegnum tölvupóst og átti fund með flugvallarstjóra í Jersey til að ræða möguleg viðskipti. Fundurinn þótti lofa góðu og búið var að skipuleggja annan til að ganga frá öllum samningum.**

**Drengurinn, sem er aðeins sautján ára gamall er nú í haldi lögreglunnar í Essex. - sm**

# Bók sem varð að koma út á íslensku

**Elín Guðmundsdóttir hefur þýtt og gefið út bók rússnesku blaðakonunnar Önnu Politkovsköju um rotið stjórnkerfi Vladimírs Pútín í Rússlandi. Politkovskaja galt fyrir uppljóstranir sínar með lífinu. Hún var myrt haustið 2006.**

**RÚSSLAND** Í október árið 2006 fannst lík Önnu Politkovsköju í lyftunni við blokkaríbúð hennar í Moskvu. Morðið vakti heimsathygli og þóttust margir sannfærðir um að Vladimír Pútín, þáverandi forseti og núverandi forsætisráðherra, ætti hlut að máli.

Nú er bók Önnu um „Rússland Pútíns“ komin út í íslenskri þýðingu Elínar Guðmundsdóttur, sem segist ekki hafa staðist það að ráðast í þýðinguna.

„Mér finnst þetta bara svo merkileg kona. Þegar ég rakst á þessa bók fannst mér rétt að hún kæmi út,“ segir Elín. „Þetta er mikil baráttukona sem leggur sig í lífshættu og geldur svo fyrir með lífinu á endanum.“

Anna Politkovskaja var blaðakona á rússneska dagblaðinu Novaja Gazeta og einbeitti sér sérstaklega að mannréttindabrotum yfirvalda í tengslum við Téténíustríðin. Hún fór ekki dult með andstöðu sína við Pútín forseta, sem hún taldi bera höfuðábyrgðina á rotnu stjórnkerfi og óteljandi mannréttindabrotum þess.

Í bókinni Rússland Pútíns lýsir hún lífi fólks í landi þar sem lýðræði og mannréttindi eru fótum troðin af stjórnvöldum.

Frásögnin er blátt áfram, byggð á viðtölum og sögum af atburðum frekar en að reynt sé að draga fram heildarmynd af ástandinu eða stjórnfyrirkomulaginu.

„Hún segir sjálf að hún sé ekki neinn greinandi, heldur fylgist hún bara með og segir frá því sem er að gerast í kringum hana,“ segir Elín.



**ELÍN GUÐMUNDSDÓTTIR OG JÓN Þ. ÞÓR** Þau hafa stofnað nýtt bókaforlag og byrja á að gefa út tvær merkar bækur í þýðingu Elínar. Önnur er bók Önnu Politkovsköju, Rússland Pútíns, en hin er bók bandaríska Nóbelsverðlaunahagfræðingsins Pauls Krugman, Krísan 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Þetta er mikil baráttukona sem leggur sig í lífshættu og geldur svo fyrir með lífinu á endanum.
>
> **ELÍN GUÐMUNDSDÓTTIR**
> ÚTGEFANDI OG ÞÝÐANDI

„Hún er greinilega mjög mikill andstæðingur Pútíns og það kemur fram hjá henni að henni finnst hugarfarið í Rússlandi aftur orðið sovéskt.“

Arfur Sovétríkjanna setur enn mark sitt á lífið í Rússlandi með hrikalegum hætti, ef marka má lýsingar Önnu.

Í inngangi segir hún Pútín vera „afsprengi myrkustu leyniþjónustu landsins“ og að honum hafi „mistekist að hefja sig yfir – eða losa sig við – fortíðina sem yfirofursti í KGB, lokuðustu leyniþjónustu Rússlands.“

„Staðreyndin er einfaldlega sú að nánast allir þeir sem búa í Rússlandi í dag fæddust í Sovétríkjunum og tileinkuðu sér að meira eða minna leyti gildismat sovéttímans,“ segir á einum stað í bókinni.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Óljóst um fullan stuðning:

# Biden í Georgíu

**ÚKRAÍNA, AP Opinber heimsókn varaforseta Bandaríkjanna, Joe Biden, til Georgíu og Úkraínu hefst í dag. Heimsóknin varðar aðild landanna að NATO. George W. Bush studdi beiðni ríkistjórnar Úkraínu um aðild, þrátt fyrir mikla andstöðu ráðamanna í Rússlandi.**



**JOE BIDEN**

**Heimsóknin er aðeins ellefu mánuðum eftir fimm daga stríð Georgíu og Rússlands og virðist stjórn Obama varkárari í stuðningi sínum. Þjóðarvarnarráðgjafi Biden, Tony Blinken, segir Bandaríkin þó standa með Georgíu hvað varðar landsvæðisdeilurnar og dyr NATO opnar báðum löndum, svo lengi sem þau mæti kröfum um inngöngu. - kbs**

Peningar Evrópusambandsins:

# Ísland ekki inni á kortunum

**EFNAHAGSMÁL** Í kjölfar þess að samþykkt var að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið er athyglisvert að geta þess að Ísland virðist ekki vera inni á kortum sambandsins.

Þetta er allavega reyndin ef litið er til þess að á smápeningum Evrópusambandsins er kort af Evrópu á framhlið peninganna. Ísland er ekki inni á því korti. Á fyrri útgáfum peninganna vantaði einnig Noreg sem líkt og Ísland er ekki aðili að Evrópusambandinu. Noregi hefur hins vegar verið bætt við, en enn vantar að bæta við korti af litla Íslandi. **- bþa**




Breskur unglingur týndist í óbyggðum Ástralíu en fannst tólf dögum seinna:

# Óttaðist að deyja úr hungri

**ÁSTRALÍA, AP** Breski unglingurinn Jamie Neale segir sjálfan sig „algjöran asna“ fyrir að hafa farið af stað gangandi inn að svæðinu Blue Mountains sextíu kílómetrum vestur af Sydney. Hann var óundirbúinn, illa klæddur og lét ekki vita hvert ferðinni var heitið. Hann fannst tólf dögum seinna, illa farinn af ofþornun og kaldur.

Í ástralska 60 mínútur þættinum sagðist hann hafa skrifað fjölskyldunni kveðjubréf þar sem hann óttaðist að deyja úr hungri.

Neale lagði af stað 3. júlí með litla vatnsflösku og smá brauð, án GSM-síma eða nokkurra fjarskiptatækja. Hitastigið við fjöllin var um þrettán gráður á daginn en við frostmark á kvöldin. Sér til matar fann hann grös og fræ. Tveir göngugarpar rákust á Neale seinasta miðvikudag og fluttu hann á spítala þar sem hann dvaldist í tvo daga.

„Í Bretlandi getur maður labbað í heilan dag og endað á krá. Hérna er svo auðvelt að villast,“ sagði Neale í þættinum. „Ég var of sjálfsöruggur og ég gerði mér ekki grein fyrir alvarleika aðstæðnanna sem ég kom mér í. Ég gerði mistök.“ **- kbs**



**HÓLPINN** Neale hélt að hann myndi deyja í óbyggðum Ástralíu. Hér með föður sínum Richard Cass. NORDICPHOTOS/AFP



# ÞRÝSTIJÖFNUNAR SVAMPSRÚM



30%
AFSLÁTTUR!

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

**ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð frá 165.500 kr.

**Verð nú frá 115.850 kr.**

## FJÖLSTILLANLEG HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Á 30% AFSLÆTTI!



**S-CAPE**
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 821.114 kr.

**Verð nú frá 574.480 kr.**

**WALLHUGGER**
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 676.114 kr.

**Verð nú frá 473.279 kr.**

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16






**BORNIR TIL GRAFAR** Tólf mexíkóskir lögreglumenn voru bornir til grafar í borginni La Huacana í Michoacan-héraði fyrir helgi. Talið er að starfsbræður þeirra hafi myrt þá. NORDICPHOTOS/AFP

Mexíkóskir lögreglumenn grunaðir um morð:

# Fundust látnir við fjölfarinn vegkant

**MEXÍKÓ, AP** Tíu mexíkóskir lögreglumenn hafa verið handteknir grunaðir um að hafa myrt tólf starfsbræður sína. Morðin eru talin tengjast fíkniefnahring í Michoacan-héraði í Mexíkó. Lögreglumennirnir, sem nú eru í haldi, eru grunaðir um að hafa verið á mála hjá eiturlyfjabarónum.

Líkin fundust við fjölfarna hraðbraut í Michoacan héraði í Mexíkó og höfðu mennirnir verið pyntaðir áður en þeir voru skotnir til bana.

Fyrr á árinu voru tíu bæjarstjórar í Michoacan sýslu handteknir grunaðir um að hafa hylmt yfir og stutt eiturlyfjaframleiðslu í héraðinu. Auk þess hafa nítján aðrir lögreglumenn verið handteknir grunaðir um aðild að ýmsum fíkniefnahringum.

Mexíkósk lögregluyfirvöld telja að stjórnvöld í héraðinu hafi lengi verið á launaskrá harðsvíraðra glæpamanna og því sé auðvelt fyrir höfuðpaura glæpagengja að nálgast upplýsingar um aðgerðir alríkislögreglunnar. - sm






ÍSLENSKA SIA.IS ICE 46760 07/09

Handhafar Vildarkorta VISA og Icelandair geta valið á milli þriggja gjafabréfa sem hægt er að kaupa fyrir Vildarpunkta og nýta hvenær sem er upp í flugfargjald með Icelandair.

- 30.000 Vildarpunktar jafngilda 20.000 króna gjafabréfi
- 20.000 Vildarpunktar jafngilda 13.000 króna gjafabréfi
- 10.000 Vildarpunktar jafngilda 6.000 króna gjafabréfi

Styttu leiðina á draumastaðinn út í heimi með Vildarkorti VISA og Icelandair.

+ Kynntu þér málið á www.vildarklubbur.is

VISA ICELANDAIR Vildarklúbbur

**40 ÁR FRÁ FYRSTU TUNGLGÖNGUNNI**

# Fyrsta ferðin til tunglsins

Í dag eru fjörutíu ár liðin frá því bandarísku geimfararnir Neil Armstrong og Edwin Aldrin urðu fyrstir manna til þess að stíga fæti á tunglið. Átta daga ferð þeirra til tunglsins sumarið 1969 hefur æ síðan þótt eitt ævintýralegasta tækniafrek mannkyns. Bandaríkjamenn og fleiri þjóðir eru nú að undirbúa fleiri tunglferðir. *Guðsteinn Bjarnason* rifjar upp söguna.



**NÝTT SJÓNARHORN** Aldrei áður höfðu menn séð jörðina rísa og setjast eins og sól og tungl hér á jörðu niðri. Myndin er tekin 19. júlí árið 1969 frá Apollo-farinu á flugi umhverfis tunglið, daginn áður en tunglferjunni var lent. NORDICPHOTOS/AFP

Á árunum 1968 til 1972 sendi Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, alls tuttugu og fjóra menn til tunglsins. Helmingur þeirra varð þeirrar sjaldgæfu upplifunar aðnjótandi að lenda og spóka sig um stund á yfirborði þessa föla fylgihnattar jarðarinnar. Hinir tólf þurftu að láta sér nægja að fljúga nokkra hringi í kringum mánann.

Aðdragandi og undirbúningur hafði tekið meira en áratug. Sovétmenn höfðu skotið Bandaríkjamönnum ref fyrir rass og orðið fyrstir til að senda mann á braut umhverfis jörðu strax árið 1957.

Vorið 1961 setti John F. Kennedy Bandaríkjaforseti þjóð sinni svo það takmark að slá Sovétmönnum við með því að koma mönnum til tunglsins – og heilu og höldnu heim aftur – áður en sjöundi áratugurinn yrði úti.

Þetta tókst svo þann 20. júlí árið 1969 þegar tveir menn, þeir Armstrong og Aldrin, lentu á tunglinu fyrstir manna. Þriði geimfarinn, Michael Collins, varð eftir í geimferjunni Apollo 11 á braut umhverfis tunglið meðan Armstrong og Aldrin fóru niður í sérstakri tunglferju.

Apollo 11 hélt af stað í langferð sína frá Canaveralhöfða í Bandaríkjunum þann 16. júlí og lenti átta dögum síðar, þann 24. júlí, í Kyrrahafinu.

Alls voru níu Apollo geimför send til tunglsins, hvert með þrjá menn innanborðs, en í sex af þeim ferðum var tunglferja send niður til lendingar.

Þrír geimfarar fóru tvisvar til tunglsins, þeir Eugene Cernan, John Young og Jim Lovell.

Árið 1971 hafði einn tunglfaranna, Alan Shepard, sem fór með Apollo 14, með sér golfkylfu og kúlur og sló nokkur högg. Ein kúlan fór heila 400 metra.

Einhver hópur samsæriskenningasmiða á reyndar erfitt með að trúa því að tunglferðirnar hafi verið farnar. Þeir telja sig sjá ótal vísbendingar um að myndirnar frá tunglferðunum hafi í reynd verið teknar upp í kvikmyndaverum, líklega í Hollywood.

Þeir hinir sömu töldu sig væntanlega heldur betur hafa fengið enn eina staðfestinguna þegar NASA viðurkenndi nýlega að alveg óvart hafi verið tekið yfir myndir á spólum frá fyrstu tunglferðinni.

Nokkrir bútar hafa þó fundist og kunnáttumenn frá Hollywood kom til bjargar og endurbætti þær upptökur með stafrænni tækni. Á vefsíðu NASA má sjá þessar endurgerðu spólur, á slóðinni: http://www.nasa.gov/multimedia/hd/apollo11.html



**KARLINN Á TUNGLINU** Neil Armstrong tók þessa mynd af Edwin Aldrin á stað sem menn höfðu aldrei komið til áður. NORDICPHOTOS/AFP

## FRAMTÍÐARÁFORM UM TUNGLFERÐIR

Þegar Bandaríkjamenn höfðu sent samtals níu Apollo-geimför til tunglsins á árunum 1968-72 var ákveðið að hætta við frekari ferðalög þangað. Aðalástæðan var kostnaðurinn, sem kominn var upp úr öllu valdi.

Aldrei var þó meiningin að hætta alveg slíkum æfingum. Undanfarin ár hefur undirbúningur að næstu tunglferðum verið í fullum gangi og Bandaríkjamenn stefna að því að senda menn aftur til tunglsins hugsanlega strax árið 2019, eða í það minnsta á árunum upp úr 2020.

Fleiri ríki eru einnig með áform um mannaðar tunglferðir. Bæði Japanar og Indverjar stefna á ferðalög þangað árið 2020 og Japanar ætla að koma sér upp bækistöð á tunglinu árið 2030.

Þá stefnir Kína á tunglferð árið 2024, Evrópusambandið árið 2024 og Rússland árið 2025.

Öll þessi áform eru þó óvissu háð og brugðið gæti til beggja vona. Engu að síður er nokkuð ljóst að þær ferðir verða dálítið frábrugðnar þeim, sem Bandaríkjamenn réðust í fyrir fjörutíu árum.

Áhersla verður á lengri dvöl á tunglinu og ítarlegar áætlanir hafa verið gerðar um að menn komi sér upp varanlegum bækistöðvum þar. Þá eru menn strax farnir að horfa lengra og undirbúa mannaðar ferðir til mars.

Í síðustu viku skrifaði Edwin Aldrin, sá hinn sami og steig á tunglið ásamt Neil Armstrong fyrstur manna fyrir fjörutíu árum, grein í bandaríska dagblaðið Washington Post þar sem hann hvatti menn til frekari dáða í tunglferðum.

Hann segir enga ástæðu til endurtaka kapphlaup milli ríkja um slíkt heldur vill hann alþjóðlegt samstarf um tunglferðir, sem þó eigi ekki að verða endanlegt takmark heldur aðeins stökkpallur á leiðinni til mars. Á tunglinu geti menn æft sig og prófað búnað sem nota ætti á mars.

„Ég er ekki að leggja til nokkrar heimsóknir til að stinga niður fánum og stilla sér upp fyrir myndatökur heldur ferð til að koma okkur upp fyrstu heimkynnum okkar í geimnum: Bandarískri nýlendu í nýjum heimi."

## HELSTU ÁFANGAR

**4. október 1957: Spútnik**
Sovétmenn sendu fyrsta gervihnöttinn út í geiminn á braut umhverfis jörðina

**12. september 1959: Luna 2**
Sovétmenn sendu fyrsta ómannaða geimfarið til tunglsins

**12. apríl 1961: Júrí Gagarín**
Fyrsti maðurinn til að ferðast út í geiminn var Júrí Gagarín hinn sovéski

**1964-66: Gemini-tilraunirnar**
Bandaríkjamenn sendu níu mönnuð geimför til að búa sig undir Apollo-tunglferðirnar

**27, janúar 1967: Fyrstu dauðsföllin**
Þrír bandarískir geimfarar létust við tilraunir á jörðu niðri

**21. desember 1968: Apollo 8**
Fyrstu tunglfararnir fara frá jörðu með Apollo 8 og tekst að komast á braut umhverfis tunglið

**20. júlí 1969: Apollo 11**
Neil Armstrong stígur fyrstur manna fæti á tunglið

**11. desember 1972: Apollo 17**
Síðasta ferð manna til tunglsins, af sparnaðarástæðum var hætt við frekari tunglferðir í bili.

## TÓLF TUNGLFARAR

**Apollo 11, júlí 1969**
Neil Armstrong
Edwin „Buzz" Aldrin

**Appollo 12, nóvember 1969**
Charles „Pete" Conrad
Alan Bean

**Apollo 14, febrúar 1971**
Alan Shepard
Edgar Mitchell

**Apollo 15, júlí 1971**
David Scott
James Irwin

**Apollo 16, apríl 1971**
John Young
Charles Duke

**Apollo 17, desember 1972**
Eugene Cernan
Harrison Schmitt

Orkuveita Reykjavíkur

Ganga á Hengilssvæðið

Þriðjudaginn 21. júlí verður farin fræðslu- og gönguferð á Hengilsvæðinu. Hugað verður að orkunni og beislun hennar, orkujarðfræði, gróðri og sögu. Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól kl.19:30. Leiðsögumenn eru Einar Gunnlaugsson jarðfræðingur og Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur.



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 46311 05/09

• Með virkjun jarðvarma til framleiðslu á rafmagni sparast jarðefnaeldsneyti til framleiðslu á rafmagni. www.or.is

# Vandaðu valið - Hagstætt verð



**Italsofa** *The Italian touch*

Glæsilegt og vandað ítalskt sófasett 3+1+1
með slitsterku tauáklæði - Litir: Ljóst og dökkbrúnt

Verð áður kr. 387.000.-
**Verð nú kr. 259.000.-**



Borð: verð áður kr. 248.500.- **Verð nú kr. 149.000.-**
Stóll m/púða: verð áður kr. 48.500.- **Verð nú kr. 29.000.-**

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gangvörðum við



Verð áður kr. 499.000.- **Verð nú kr. 299.000.-**

Corrine vandað leðursófasett 3+1+1

Borðstofuborð, kirsuber, stækkanlegt
verð áður kr. 232.000.-
**Verð nú kr. 139.000.-**

Borðstofustólar m/alcantara svörtu áklæði
verð áður kr. 48.500.- **Verð nú kr. 29.000.-**

skovby®
Excellent Dining Rooms



Hvíldarstóll með skemli
og sterku áklæði eða leðri
Margir litir





Hvíldarstólar: Verð áður kr. 165.000.-
**Verð nú kr. 99.000.-**

Hvíldarstóll með
leðuráklæði og skemli
Litir: Beige, brúnt, svart
og rauðbrúnt

**Val húsgögn**

Opið virka daga kl. 10-18
**Laugardaga kl. 11-16**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aðildarviðræður við ESB hefjast:

## Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla?

**STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR**

Alþingi hefur nú heimilað stjórnvöldum að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. Afgreiðsla málsins var stutt og snörp, en umræðan festist að miklu leyti í deilum um málsmeðferð. Stór hluti þingheims aðhylltist hugmyndina um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu, en varð að láta í minni pokann.

Færa má rök fyrir því að sú leið hefði verið heppilegri, þar sem samningamenn Íslands hefðu þá haft mun skýrara umboð í komandi viðræðum. Leitun er að þeirri þjóð sem samþykkt hefur aðildarumsókn með jafn hangandi hendi og Íslendingar nú. En þótt deila megi um formsatriðin, er ekki ástæða til að ætla að þessi útfærsla breyti miklu um endanlega niðurstöðu málsins.

Skoðanakannanir hafa um árabil sýnt umtalsvert meiri stuðning við aðildarviðræður að ESB en að Ísland gangi í sambandið. Það lá því alltaf fyrir að stóra orrustan milli stuðningsmanna og andstæðinga aðildar færi fram að loknum aðildarsamningum. Þegar þar að kemur má búast við að stjórnmálaflokkarnir fari flestir í aftursætið, en að þverpólitísk regnhlífasamtök beggja fylkinga beri hitann og þungann af umræðunni.

Gagnrýnendur Evrópusambandsaðildar munu vafalítið hamra á því fullveldisafsali sem felst í inngöngu í sambandið og benda á hvílíkur ábyrgðarhlutur það sé að hrófla við sjálfstæði þjóðarinnar til langrar framtíðar. Þetta verður að öllum líkindum stærsta deilumálið í aðdraganda aðildarkosningar. Sú spurning vaknar því hvort fylkingarnar tvær geti mæst á miðri leið áður en til kosninga kemur? Gæti lausnin falist í tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu, þó með öðrum hætti en rætt hefur verið um til þessa: að kosið verði um samninginn og svo aftur að fáeinum árum liðnum?

Hugmyndin gengur í stuttu máli út á það að verði aðildarsamningur Íslands að ESB samþykktur, liggi það jafnframt fyrir að efnt verði til nýrrar þjóðaratkvæðagreiðslu á ákveðnum tímapunkti, til dæmis eftir fimm til sjö ár. Með því móti ætti ágætis reynsla að vera komin á sambandið og ólíklegt að óendurkræfar samfélagsbreytingar hafi náð að eiga sér stað. Erfitt er að sjá hvernig stuðningsmenn Evrópusambandsaðildar ættu að geta sett sig á móti þessari hugmynd, enda hljóta þeir að gera ráð fyrir að kostir aðildar verði komnir fram og flestum ljósir innan fárra ára.

Evrópusambandið ætti sömuleiðis að geta fellt sig við slíka útfærslu, enda hefur sambandið sjálft verið duglegt við að hvetja aðildarríki sín til þess að endurtaka þjóðaratkvæðagreiðslur um einstaka sáttmála sína, eins og Dönum og Írum er fullkunnugt um. Sögulegt fordæmi er einnig fyrir hendi, en árið 1982 efndu Grænlendingar einmitt til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildina að bandalaginu. Grænlendingar höfðu fylgt Dönum inn í Evrópubandalagið árið 1973, en komust að þeirri niðurstöðu níu árum síðar að hagsmunum sínum væri betur borgið utan þess.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Auglýsingasími
512 5050



– Mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Össur eða Jóhanna?**
Utanríkisráðherra Þýskalands sagðist styðja aðildarumsókn Íslands að ESB í gær. Sagðist hann hafa hitt forsætisráðherra Íslands á fundi í Brussel og sagt „honum" að hann styddi umsóknina. Ekki er vitað hvort með „honum" hafi hann átt við karlkynsorðið forsætisráðherra eða hvort hann hafi í raun hitt Össur Skarphéðinsson. Ekki kæmi á óvart þótt hann hafi haldið að Össur væri forsætisráðherra. Enn auðveldara væri að halda að Steingrímur J. Sigfússon væri forsætisráðherra.



**„Just do it!"**
Róbert Marshall, nýr þingmaður Samfylkingarinnar, hélt ræðu um þingsályktunartillöguna um ESB sem þótti vera flutt af miklum eldmóð. Endaði hann ræðuna á því að segjast vera hlynntur aðild. Síðan kom í ljós í Fréttablaðinu á laugardag að ræðan reyndist vera nánast orðrétt upp úr bók um leiðtogahæfni og var einnig notuð í Adidas-auglýsingu. Róbert sagðist hafa séð þetta á vegg í Vilníus. Kannski hefði Róbert bara átt að lýsa afstöðu sinni til ESB með Nike-slagorðinu „Just do it!"



**Bundinn við sannfæringu**
Mikið var talað um keðjur og ólar á Alþingi í ESB-umræðunni. Birgir Ármannsson sagði að svipuhöggin hefðu dunið á þingmönnum VG og að hann hefði heyrt handjárnahringl í þinghúsinu. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra sagði þetta líklega hluta af hans reynsluheimi. Ekki er vitað hvað fór meira á milli þeirra. En eitt er víst, að Ásmundur Einar Daðason, þingmaður VG, var bundinn við sannfæringu sína í atkvæðagreiðslunni.

**vidirp@frettabladid.is**

# Guðsmenn í vanda



**JÓN ORMUR HALLDÓRSSON**
**Í DAG** | Íran

Fyrsta samtal vestræns manns við sæmilega menntaða Írana vekur oft undrun. Eitt er tiltölulega almenn þekking Írana á Vesturlöndum; þeir þekkja yfirleitt vel til þess hvernig hagsmunir einstakra stórvelda Vesturlanda hafa mótað örlög Írana, og gert stjórnmálasögu þeirra að harmleik í á aðra öld. Annað, og enn merkilegra, er almennur skilningur manna á vandræðum útlendinga við að átta sig á margslunginni menningu Írana. Þetta er þéttofin, ævaforn, oft ljóðræn og stundum sérlega draumkennd menning sem elur af sér þolinmæði, fórnfýsi, skilning á því mannlega, fíngerða sýn á fegurð og virðingu fyrir því sem ólíkt er. Einföld er hún ekki. En eitt sem mönnum verður ljóst af samtali við marga Írana af öllum stigum er einlægnin í auðmýkt hins almenna manns fyrir guðdóminum. Shía islam verður seint talin aðgengileg trú frá dogmatísku sjónarmiði en í venjulegri mosku virðast hjörtu manna snortnari en víða gerist í síkum húsum. Föstudagsbæn með æsingamanni úr írönsku valdaklíkunni er ekki dæmigerður atburður í moskum á þessum slóðum. Það sem veldur þó ekki minnstri undrun er almenn hreinskilni manna um spillta og grimma en einstaka sinnum hetjulega pólitík þessa merka menningarríkis. Í fyrsta sinn sem ég heyrði íranskan mann suður við Persaflóa hella sér yfir heimska og fávísa klerka, spillta umboðsmenn þeirra í viðskiptum og vafasama túlkun leiðtoga byltingarinnar á trúarbrögðum landsins varð mér á að spyrja hvar hann dveldi í útlegð sinni. Útlegðin reyndist ekki meiri en svo að hann kenndi samfélagsfræði við háskóla í Teheran og notaði við það bækur sem voru bannaðar í bandalagsríkjum okkar Vesturlanda þarna hinu megin flóans. Enn á ný er þessi spillta og forneskjulega stjórn að drepa fólk og ógna einföldum réttindum manna. Nýlegt stórafmæli klerkastjórnarinnar, þrítugsafmæli nú í ársbyrjun, verður hins vegar hugsanlega síðasta afmælishald stjórnar sem nú er ekki aðeins fyrirlitin af flestum menntuðum Írönum, heldur klofin í fylkingar eða öllu heldur klíkur sem snúast að minnsta kosti jafn oft um peninga, valdapólitík og guðfræði. Það skal viðurkennt að þessi spádómur virkar ekki sennilegur og að óskhyggja ræður kannski för. Það hefur áður komið fyrir að stjórnin hefur virst veik fyrir. Mótmælin vegna kosninganna hafa líka verið að hjaðna, hörðustu menn eru komnir í fangelsi og klíkurnar sem næstar standa kjötkötlunum hafa þjappað sér saman síðustu daga og vopnað sjálfboðaliða sem til eru í að drepa sitt eigið fólk. Rökin fyrir upplausn stjórnarinnar á næstu árum eru þó sterk.

Íranskur stjórnarandstæðingur sagði að Ahmadi-Nejad ætti völd sín að þakka einni einustu ræðu sem hann flutti ekki einu sinni sjálfur. Þetta var miðaldaboðskapur George Bush um Íran sem möndulveldi djöfulsins. Vald klerkastjórnarinnar er greinilega tengt stefnu Bandaríkjanna gegn Íran síðustu áratugi. Keisaranum, sem var fyrirlitinn af almenningi, var troðið í embætti af Bandaríkjamönnum og Bretum til að koma í veg fyrir að lýðræðislega kjörin stjórn þjóðnýtti olíulindir landsins. Stuðningur Bandaríkjanna við keisarastjórnina bjó til víglínur gegn lýðræðissinnum í áratugi. Þegar vinstri sinnaðir menntamenn í skammvinnu bandalagi við íslamska klerka hröktu keisarann frá völdum skapaðist ekki friður heldur nýjar víglínur. Nú óttuðust Bandaríkin um hag bandalagsríkja sinna, forneskjulegra ættarvelda, sem mörg ríkja yfir stórum minnihlutum shííta og öll yfir olíu. Bandaríkjamenn gerðu bandalag við Saddam Hussain og létu hann fá vopn til að beita gegn Írönum. Við þetta allt bætist óskilyrtur stuðningur Bandaríkjanna við hernám Palestínu, fjöldamorð á fólki þar í landi og dagleg brot á alþjóðalögum. Einfeldningur á borð við Ahmadi-Nejad sér ekkert nema skotstöður við svona víglínur, líkt og annar einfeldningur sem sat í Hvíta húsinu þar til nýverið. Víglínan nú er enn hættulegri en áður. Hin almennt fyrirlitna klerkastjórn er enn háðari átökum við umheiminn en áður og smíðar því kjarnorkuvopn.

Það hefur hins vegar syrt í álinn hjá þeirri ósamstæðu og undarlegu hjörð sem myndar ráðandi öfl íslamska klerkaveldisins. Forsetinn er lítils virtur fyrir vankunnáttu í guðfræði og undarlegar trúarlegar túlkanir sem minna raunar stundum sérkennilega á kristindóm Georgs Bush. Khameni, leiðtogi byltingarinnar, nýtur ekki virðingar klerka landsins. Sá virtasti þeirra, Sistani, býr í Írak og er ósammála Khameni í grundvallaratriðum. Khameni hefur hins vegar lagt sjálft stjórnarfarið undir í baráttunni með Ahmedin-Nejad. Margir af helstu klerkunum eru á kafi í fjárhagslegri spillingu. Margir sitja að opinberum sporslum, og eltast við embætti ríkisins fyrir sig eða sína, aðrir koma sér upp fákeppnisstöðu í viðskiptalífinu.

# Gerum þetta saman

**UMRÆÐAN**
Anna Pála Sverrisdóttir og Steindór Grétar Jónsson skrifa um Evrópusambandið



**ANNA PÁLA SVERRRISDÓTTIR**



**STEINDÓR GRÉTAR JÓNSSON**

Samvinna ríkja í gegnum Evrópusambandið varð til þess að fólk getur skellt sér upp í vél frá EasyJet eða Ryanair og flogið hvert sem er í Evrópu fyrir nokkra þúsundkalla. Þetta gerðist ekki af sjálfu sér.

Það er magnað til þess að hugsa að fyrir 16 árum voru það nær eingöngu innlend flugfélög sem sáu um millilandaflug í Evrópu í skjóli einkaleyfa frá hverju ríki fyrir sig. Það var fyrir tilstilli Evrópusambandsins árið 1993 að hvaða flugfélag sem er mátti fljúga hvert sem er í Evrópu, að því gefnu að það uppfyllti öryggisskilyrði. Í kjölfarið spratt upp fjöldi flugfélaga og úr varð virk samkeppni sem skilaði sér til Evrópubúa í mun lægra miðaverði og fleiri áfangastöðum.

Í umræðum um ESB er auðvelt að gleyma því hvað þetta samband í raun og veru gerir. Flugið er bara eitt þeirra dæma sem sýna að ESB snýst um að ríkin í Evrópu leggi saman hendur á plóg til að auka velmegun og gera lífið auðveldara fyrir íbúana.

Það er vegna ESB sem námsmenn geta sótt um Erasmus styrki og farið til Evrópulanda í skiptinám. Það er vegna ESB sem GSM kerfið var innleitt og millilandasímtöl verða sífellt ódýrari. Það er vegna ESB að við getum búið eða unnið hvar sem er í Evrópu án þess að sýna vegabréf eða sækja um atvinnuleyfi.

Íslendingar hafa nú tækifæri á að taka virkari þátt í að gera Evrópu betri fyrir okkur öll, með fullri aðild að Evrópusambandinu. Ungir jafnaðarmenn fagna ákvörðun Alþingis um að ganga til aðildarviðræðna við ESB. Okkur gengur betur ef við gerum þetta saman.

*Höfundar eru formaður og framkvæmdastjóri Ungra jafnaðarmanna.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**BARNABÆKUR** geta verið dýrar sérstaklega þegar litið er til þess að oft vilja þær skemmast í meðförum barna. Sniðugt er að kaupa á nytjamörkuðum nokkrar notaðar barnabækur sem litlar hendur mega handfjatla að vild.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447









Lilju Dröfn Dagbjartsdóttur finnst þægilegt að láta lesa fyrir sig þegar hún er að hanna hluti fyrir búðina sína Miss Pattys á Hverfisgötu 103. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR






# Heimurinn er mikið betri en við höldum

**Uppáhaldshlutur Lilju Drafnar Dagbjartsdóttur er gömul barnaplata sem heitir Pílu Pínu Platan eftir Heiðdísi Norðfjörð, Ragnhildi Gísladóttur og Kristján frá Djúpalæk.**

„Þetta er barnaplata úr vínyl sem heitir Pílu Pínu Platan. Þar er sögð saga með tónlist sem fjallar um litla mús sem heitir Píla Pína og fer í ferðalag,“ segir Lilja Dröfn Dagbjartsdóttir, einn eigenda búðarinnar Miss Pattys við Hverfisgötu 103.

„Mamma og pabbi gáfu mér þessa plötu þegar ég var lítil því ég hafði svo gaman af því að hlusta á sögur og ég á hana enn því ég fer svo vel með hlutina mína. Ég elskaði þessa plötu og get enn hlustað á hana því sagan er svo falleg,“ segir Lilja. Platan sem fyrst kom út árið 1980 var endurútgefin á geisladiskaformi árið 2007.

„Það er frábær heimspeki í sögunni um Pílu Pínu, heimurinn er betri en við höldum, hitt er flest af okkar sjálfrar völdum, sem á móti blæs og miður fer. Svo má ekki gleyma músaboðorðunum þremur sem mýsnar fengu frá músaguðunum, Étið og verið glöð, elskið og verið glöð, deyið og verið glöð,“ segir Lilja, sem er ánægð með svo góð gildi sem minna mann á að vera tillitssamur og halda í bjartsýnina.

„Það eru eflaust margir sem kannast við Saknaðarljóð Gínu mömmu þar sem mamma hennar Pílu Pínu veltir fyrir sér hvar dóttir sín sé niðurkomin,“ segir Lilja, en það er Ragnhildur Gísladóttir sem syngur þetta sorglega lag.

„Annars kenndi Bessi Bjarnason mér að snúa við plötum. Hann segir í byrjuninni á plötunni, Bessi segir börnunum sögur, „Jæja krakkar, nú skulum við leyfa mömmu að leggja sig.“ Og þegar A hliðin var búin þá kom „nú skulum við biðja mömmu og pabba að snúa plötunni við, eða að læra að snúa henni við sjálf.“ Og mér fannst svo ótrúlega sniðugt að leyfa mömmu að sofa lengur að ég lærði einfaldlega að snúa plötunni við sjálf, af því Bessi sagði það,“ segir Lilja.

„Ég á ennþá fermingargræjurnar mínar með plötuspilaranum ofan á sem er mikið stofustáss á skenknum hjá mér inni í stofu. En annars finnst mér mjög þægilegt að láta lesa fyrir mig og hlusta oft á sögur og hljóðbækur þegar ég er að smíða eða sauma.“

*heidur@frettabladid.is*







**BOÐSKORT** þurfa ekki að vera flöt. Fallega skreyttar öskjur geta verið góður kostur sem boðskort í stórveislur. Inn í öskjuna mætti til dæmis setja borða sem skilaboðin eru skrifuð á.




MEÐGÖNGUSUND
Sundleikfimi hjá sjúkraþjálfurum



Dagtímarnir á Hrafnistu byrja aftur í dag.

www.medgongusund.is
sími. 848-7094



Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.


## Heimurinn í sófanum

**Allur heimurinn frá París til San Fransisco, og frá indíánum til Japana, er viðfangsefni Teo Jasmin.**

Hönnuðurinn franski Theo Jasmin býr til bráðskemmtileg húsgögn. Hann kemur myndum sem minna á París, New York, London, Ítalíu og fjölda annarra staða, fyrir á stólbökum, púðum, myndum og sófum.

Vörurnar er hægt að skoða og versla á vefsíðu hönnuðarins www.teojasmin.com.





Mikill fjöldi húsa var byggður á árunum 2005 til 2007. Borið hefur á skemmdum í sumum húsanna og telja einhverjir að byggingareftirliti hafi verið ábótavant.

# Ekki allt gott í góðærinu

**Mikið hefur verið um að húsasmíðameistarar hafi þurft að gera við ný hús sem byggð voru í góðærinu. Starfsmenn byggingareftirlits voru of fáir því mikið var um framkvæmdir á góðærisárunum.**

„Ekki get ég neitað því að borið hefur á skemmdum í nýjum góðærishúsum. Mikið hefur lekið með gluggum og þökum en þar var oft ekki nógu vandaður frágangur," segir Baldur Þór Baldvinsson, formaður Meistarafélags húsasmiða. „Í góðærinu vann hópur manna sem voru ekki sérlega vandir að virðingu sinni við framkvæmdir og köstuðu oft til höndum."

Baldur segir að tvær gerðir af framkvæmdaraðilum hafi þrifist í góðærinu. „Virtu byggingarfyrirtækin höfðu þann sið að óska eftir því við sölu að menn kæmu með gátlista og ef eitthvað var að vildu þeir laga það. Gallarnir hafa nær eingöngu fundist hjá nýju fyrirtækjunum sem spruttu upp," segir Baldur en góðærishúsin voru byggð á árunum 2005 til 2007.

Byggingareftirlit hlýtur þó að vera svipað og áður en góðærið skall á? Hrólfur Sigurður Gunnlaugsson, aðstoðarmaður byggingarfulltrúa í Hafnarfirði, verður fyrir svörum. „Sum sveitarfélög bættu ekki í mannskapinn í byggingareftirlitinu þrátt fyrir þensluna," útskýrir Hrólfur. „Byggingarstjórar verða náttúrulega að vera á staðnum en sumir voru kærulausir og tóku meira að sér en þeir réðu við."

Hrólfur segir bæjarfélögin einungis taka út vissa þætti bygginga en til dæmis ekki glugga sem Baldur minntist á að oft hefðu ekki verið nógu vel frágengnir. „Meiri ábyrgð hvílir á byggingarstjóra verksins sem taka á út fleiri þætti en bæjarfélögin," segir Hrólfur.

„Ábyrgðin er mjög skýr á seljanda nýrra húsa og íbúða, hjá meistara varðandi hvern þátt og byggingarstjóra sem ber ábyrgð á að rétt sé farið að öllu," segir Sigurður Helgi Guðjónsson, framkvæmdastjóri Húseigendafélagsins. „Krafan er þó að verða lítils virði þegar þrot blasir við flestum í bransanum."

Eftirlitskerfið brást að mati Sigurðar. „Hvorki eftirlitskerfið né þeir sem voru í þessu réðu við eftirlitið. Hægt er að setja reglur og auka eftirlit en það kostar peninga og aukinn mannskap."



Sigurður Helgi Guðjónsson benti stjórnvöldum á leið sem farin var í Danmörku, en þar voru sett lög um skyldutryggingu verktaka. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Baldur Þór Baldvinsson segir að borið hafi á skemmdum í góðærishúsum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður vakti athygli aðstoðarmanns viðskiptaráðherra á því á síðasta ári að í Danmörku hefði verið tekið fast á göllum í nýbyggingum sem einnig hefur verið vandamál þar í landi. „Danir settu lög um skyldutryggingu verktaka gegn byggingargöllum. Stjórnvöld gerðu ekkert, enda var allt að fara til andskotans á sama tíma og þau höfðu í næg horn að líta."

*martaf@frettabladid.is*


Rauðakrosshúsið

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

**Mánudagurinn 20. júlí**

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða. Tími: 13.00-14.30.

Prjónahópur - Við ætlum að koma saman, prjóna, hekla, fá okkur kaffi. Allir velkomnir. Tími: 13.00-15.00.

Majo Minnistækni - Ertu gleymin/n? Langar þig að læra einfaldar aðferðir til að bæta minnið? Kenndar verða grundvallaraðferðir með Majo minnistækni. Tími: 15.00-16.00.

**Þriðjudagurinn 21. júlí**

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson leiðir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Einkatímar í söng - Fullt! Umsjón: Hulda Björg Víðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

Hugarfar Japana - Í þessu létta erindi fjallar Toshiki Toma, prestur innflytjendaverður um hugarfar Japana. Skemmtilegur samanburður við hugarfar Íslendinga. Tími: 13.30-14.30.

Heimildamynd: Vættir landsins - „Það er sitthvað fleira á milli himins og jarðar en það sem maður sér út um eldhúsgluggann."Heimur hulinna vætta og fornra sagna er skoðaður með tilsjón af skynjun manna. Sagt verður frá gerð myndarinnar og umræður verða eftir sýningu. Tími: 15.00-16.30.

**Miðvikudagurinn 22. júlí**

Kamún, arabískur fiskréttur - Skemmtilegur, skrýtinn og svakalega góður. Fylgstu með , lærðu spennandi matreiðslu og fáðu smakk í lokin. Tími: 13.00-15.00.

Tölvuaðstoð og facebook fyrir byrjendur - Tími: 13.30-14.30.

Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina Karítas - án titils eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Tími: 14.00-15.00.

„Í fótspor flóttamanna" - Sigríður Víðis Jónsdóttir blaðamaður talar um ferðalag sitt til Sýrlands, Írak, Líbanon og Jórdaníu sem hún kom nýlega úr. Tími: 15.00-16.00.

**Fimmtudagurinn 23. júlí**

Föndur, skrapp myndaalbúm - Lærðu að búa til skrautleg og skemmtileg albúm fyrir uppáhalds myndirnar þínar. Tími: 13.00-15.00.

Malaví - Birna Halldórsdóttir, sendifulltrúi segir í máli og myndum frá störfum sínum með malavíska Rauða krossinum og þeim verkefnum sem Rauði kross Íslands styður við. Tími: 13.00-14.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

**Föstudagurinn 24. júlí**

Einkatímar í söng - Fullt! Umsjón: Hulda Björg Víðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

Bifhjólasamtök lýðveldisins - Sniglar, Kerupar, og Salvation Riders kynna starf sitt. Tími: 13.00-15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17

# fasteignir




**HÖFÐI**
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

## Þingvellir - sumarhús



Sumarbústaður í landi Miðfells við Þingvallavatn, Borgarhólsstekkur nr. 6. Sumarbústaðurinn stendur á eignarlóð innan þjóðgarðs Þingvalla, í göngufæri við vatnið. Bústaðurinn og gestahús eru samtals 90 m2 og er hann með rafmagni, heitu og köldu vatni. Veiði í vatninu og aðgengi fyrir bát. Tilboð óskast í húsið. Skipti möguleg á íbúð.

**Húsið er til sýnis í dag. Vinsamlegast hafið samband við Jóhann, s:866-0167.**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.







**Húsið er uppgert og með innbyggðum bílskúr.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Mikið endurnýjuð eign með útsýni til sjávar

**Eignamiðlun er með til sölu tveggja hæða einbýlishús við Bollagarða 71 á Seltjarnarnesi.**

Húsið er 195,9 fermetra stórt, með innbyggðum bílskúr og sjávarútsýni. Mikil vinna hefur verið lögð í innréttingar, gólfefni og skipulag, þar sem húsið hefur allt verið endurnýjað á síðustu árum. Þá hefur lóðin nýlega verið endurnýjuð og er með afgirtri timburverönd og heitum potti.

Eignin skiptist í forstofu, hol/gang, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, fjögur herbergi, sjónvarpshol, geymslu og baðherbergi. Komið er inn í flísalagða forstofu. Gangur er parketlagður, Eldhús er með innréttingu með efri og neðri skápum, háfi, gashellum, ofni í vinnuhæð, innbyggðum ísskáp, uppþvottavél og fleiru. Stofa og borðstofa eru samliggjandi og parketlagðar og liggja í vinkil með útgangi út á verönd. Snyrting á hæðinni er flísalögð og með upphengdu salerni. Þvottahús er flísalagt. Innangengt er í bílskúr frá þvottahúsi sem er fullbúið með flísalögðu gólfi. Bakútgangur er einnig frá þvottahúsi.

Á efri hæð er parketlagt sjónvarpshol og fjögur parketlögð herbergi, þar af tvö með skápum, geymsla, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf og með baðkari, sturtu og innréttingu, handklæðaofni og fleiru. Frá efri hæð er gott útsýni til sjávar en húsið er það innsta í götunni að „Bollagörðum" undanskildum.

Eignin er laus strax.


**EIGNAMIÐLUN** Mosfellsbæ



Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

## Dalbrekka - Varmadal



Mjög vel staðsett og vandað heilsárshús í aðeins í 20 mín. fjarlægð frá Reykjavík. Húsið var allt endurbyggt fyrir um 10 árum. Mjög fallegt útsýni er út Sundin, Mosfellsbæinn og víðar. Rétt fyrir neðan húsið rennur Leirvogsáin. Húsið skiptist í forstofu, setustofu, dagstofu, eldhús, þrjú herbergi og baðherbergi. **Óskað er eftir kauptilboði í eignina. 4633**



**Lindarbyggð - Parhús** Vel skipulagt 177,1 m2 parhús með bílskýli við Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, borðstofu, stóra stofu m/sólstofu, eldhús, þvottahús m/sérútgangi, sjónvarpshol, 3 barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi með kari. Búið er að loka bílskýli og innrétta herbergi. **V. 37,9 m. 4627**



**Álmholt - Einbýlishús** Mjög fallegt og mikið endurbætt 188,1 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á stórri lóð við Álmholt 7 í Mosfellsbæ. Eldhús og baðherbergi voru endurnýjuð fyrir 2 árum síðan. Mjög stór suðurgarður með timburverönd. **Skipti koma til greina á minni eign! V. 48,5 m. 4565**



**Fellsás - Parhús** Glæsilegt 184,7 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Húsið var allt innréttað á vandaðan hátt árið 2003 og hannað af Pétri Birgissyni, innanhúsarkitekt. Húsið stendur innst í botnlanga og hátt í landi og er mikið útsýni og víðátta frá húsinu. Lækkað verð! **Skipti á ódýrari eign koma til greina! V. 45,9 m. 3540**



**Súluhöfði - Parhús** Mjög fallegt 167,7 m2 parhús m/bílskúr innst í litlum botnlanga við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í 3 rúmgóð svefnherb., stofu, sjónvarpshol, stórt eldhús, baðherb. m/sturtu og hornbaðkari, sér þvottahús og góða geymslu/vinnuherb. Rúmgóður 29,3 m2 bílskúr með millilofti. Steypt (Bomonite) bílaplan með snjóbræðslu og stór hornlóð. **V. 44,9 m. 4600**



**Hulduhlíð - 2ja herbergja** Falleg 2ja herbergja, 65,8 m2 íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli í Hulduhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, rúmgott svefnherbergi, góða geymslu (sem hægt er að nota sem leikherb. eða tölvuherb.), baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús með borðkrók. Stutt í sund, skóla og leikskóla. **V. 17,1 m. 4504**



**Bjartahlíð - 4ra herbergja** Rúmgóð og vel skipulögð 127,5 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Björtuhlíð 11 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, borðstofu, stofu, sólstofu, eldhús m/borðkrók, 3 svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og geymslu/þvottahús. V. 25,9 m. 4609



**Laxatunga - Ný raðhús** Nýtt í sölu 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrágengið með innréttingu. Falleg hús á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. **Áhv. eru ca. 20 millj. kr. ÍLS lán. Skipti á minni eign skoðuð! Verð kr. 35,5 m. 4527**



**Hörðukór 1 - 3ja herbergja m/útsýni** Einstaklega vönduð 3ja herbergja 97,7 fm íbúð á 9. hæð við Hörðukór 1 í Kópavogi með glæsilegu útsýni. Stæði í bílakjallara fylgir. Frágangur í íbúðinni er sérstaklega góður, innréttingar eru úr kirsuberjavið. Svalirnar eru yfirbyggðar og nýtast þær vel sem sólstofa. **Eignin er laus til afhendingar! V 28,9 m. 4616**

## Reykjavík



**Fannafold - 3ja herbergja** Mjög falleg 100,3 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérlóð. Tvö rúmgóð svefnherbergi og góð geymsla með glugga(möguleiki að nota sem herbergi eða vinnuaðstöðu) Björt stofa. Nýleg timburverönd og fallegt útsýni til suðvesturs. Íbúðinni fylgir bílskúrsréttur - plata komin. **V. 24,9 m. 4601**



**Hjallavegur - 104 Reykjavík** 71,2 fm, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð ásamt 19,4 fm bílskúr í 3ja hæða fjölbýli við Hjallaveg 6 í Reykjavík. **V. 19,9 m. 4578**



**Maríubaugur - 4ra herbergja + bílskúr** Rúmgóð og falleg 119,5 fm, 4ra herbergja íbúð á annarri hæð ásamt 25,9 fm bílskúr við Maríubaug í Reykjavík. Íbúðin skiptist í þrjú góð svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, anddyri, geymslu, eldhús, borðstofu og stofu. **V 27,9 m. 3723**

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

## Gvendargeisli - m. bílskýli. Laus fljótl.



Góð 4ra herb. 118 fm íbúð á 3.hæð (efstu) í nýlegu fjölbýli í Grafarholti. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Sérinngangur. Sérþvottahús. Þrjú svefnherb. Geymsla innan íb. Fallegt útsýni. Íb. getur losnað fljótlega. V. 25,9 m. 4880

## Langholtsvegur- Einbýli í rótgrónu hverfi



Fallegt 182,4 fm steinsteypt einbýlishús með fallegum garði. Húsið er á tveimur hæðum og hefur töluvert verið endurnýjað. V. 39,5 m. 4870

## Galtalind- 5 herbergja með bílskúr



5 herbergja falleg 139,5 fm endaíbúð í litlu fjölbýlishúsi ásamt 23,8 fm innbyggðum bílskúr, samtals 163,3 fm. Fallegt útsýni er úr íbúðinni og svölum. Gengið er inn íbúðina af austursvölum en einnig eru sérsvalir til vesturs en þaðan er glæsilegt útsýni. 3567

## Maltakur - örfáar íbúðir óseldar !



Stórglæsilegar og vel hannaðar 2ja- 3ja herb. íbúðir á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðunum eru stór og björt rými. Svefnherbergi eru með innbyggðum fataherbergjum og mörg með sér baðherbergjum. Sannkallaðar hjónasvítur. Góð gestaherbergi og rúmgóðar stofur með sambyggðu eldhúsi á móti suðri. Hafið samband við sölumenn og bókið skoðun. 4660

## Seinakur - nýjar fullbúnar íbúðir. Til afhendingar fljótlega !



Nýjar stórglæsilegar og vel hannaðar íbúðir á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðunum eru stór og björt rými. Húsin er aðeins tveggja hæða en þó með lyftu. Undir þeim er vel hönnuð og lokuð bílageymsla. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna að mestu en þó eru gólf anddyris, bað- og þvottaherb., flísalögð. Fallegar viðarinnréttingar og innihurðir í stíl. Hafið samband við sölumenn okkar! V. 26,9 - 34,9 m. 8188

## Trönuhjalli - 4ra herb. Mjög gott verð.



Falleg 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í góðu velstaðsettu húsi í suðurhlíðum Kópavogs. 3 góð svefnherb. Parket. Mikið endurnýjuð íbúð. Flott útsýni. Möguleiki að yfirtaka gott lán. Verð 22,5 millj.

## Einbýli



**Smáíbúðahverfi - lítið einbýli m. bílsk.** Velstaðsett 105 fm einlyft einbýlishús við Melgerði ásamt 30 fm bílskúr. Húsið skiptist m.a. í 4 svefnh., stofur o.fl. Húsið er upprunalegt að innan að mestu. Frábær staðsetning. V. 28,9 m. 4845



**Bæjartún - einbýli á einni hæð, gott verð.** Mjög gott og vel skipulgt einbýli á mjög góðum stað í Kópavogi. Húsið er 131,6 fm auk 37,2 fm bílskúrs samtals 168,8 fm. Suður garður með heitum potti, góðir pallar í garði. Mjög góð eign á mjög barnvænum stað, stutt í leikskóla og Grunnskóla V. 45,0 m. 4449

## Parhús / Raðhús



**Sogavegur - nýtt parhús. Gott tækifæri.** Nýtt 121,9 fm parhús (bæði húsin til sölu) ásamt stæði í opnu bílskýli. Húsin afh. í núverandi ásigkomulagi. þ.er tæpl. tilb. til innréttinga og nær fullb. að utan m. grófjafnaðri lóð. Uppl. og teikningar á skrifstofu. 4865



**Fjallalind - skipti** Glæsilegt 188,8 fm tvílyft parhús með innb. 27 fm bílskúr innarlega í botnlanga auk 20 fm millilofts.. Á neðri hæðinni er forstofa, innra hol, eldhús, þvh. 2 herbergi og stofa. Uppi er herbergi, snyrting og sjónvarpshol ofl. Skipti á minni eign koma til greina. V. aðeins 56,9 m. 3574



**Seljabraut - raðhús** Endaraðhús á 3þremur hæðum ásamt stæði í bílskýli. Fallegt útsýni. 6 svefnherbergi. Mjög góður bakgarður í suður. Endurnýjað eldhús og fleira. Nóg pláss fyrir stórfjölskylduna. V. 36,5 m. 4822



**Kolbeinsmýri - Seltjarnarnes** Fallegt raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið skiptist þannig að á neðri hæð er forstofa, gestasnyrting, eldhús, þvottahús, stofa og borðstofa. Á efri hæð er hol, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi. V. 59,0 m. 4063

## Hæðir



**Álfaheiði Kópavogi - með bílskúr. Sérinng.** Góð 4ra-5 herbergja íbúð á 1.hæð í klasahúsi ásamt bílskúr á frábærum stað í suðurhlíðum Kópavogs. 151,3 fm samtals m. bílskúr. Mjög góður útsýnisstaður. V. 30,9 m. 4849

## Hæðir



**Ögurás - efri sérhæð** Nýleg 91,5 fm sérhæð í nýju tengihúsi efst á Ásahæðinni í Garðabæ. Íbúðin er á efri hæð með sér inngangi og glæsilegu útsýni. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, stofu, þvottahús/geymslu, baðherbergi og tvö svefnherbergi. V. 27,9 m. 4798



**Austurbrún - Neðri sérhæð - gott verð.** Glæsileg 182,1 fm neðri sérhæð ásamt innbyggðum bílskúr í fallegu húsi á eftirsóttum stað. Hæðin skiptist þannig: tvær stofur, fjögur herbergi, eldhús, tvö baðherbergi, þvottahús, vinnuherbergi og forstofa. Tvær sér geymslur fylgja í kjallara. Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð á síðustu tveimur árum m.a innréttingar, baðherbergi, eldhús, gólfefni og fl. Í íbúðinni eru fjögur góð svefnherbergi. 39,9 m. 4844



**Sigtún - glæsileg efri hæð** Mikið endurnýjuð samt. 153,5 fm efri hæð Nýl. glæsil.baðherb, gólfefni, endurnýjað flott eldhús. Húsið endursteinað að utan og endurn þakjárn. Bílsk. er 31,2 fm nýl. gegnumt.með nýl. hurð m. sjálfv.opnara. Hellulagt bílaplan. Tvennar svalir. Fallegur rækt. garður. V. 38,0 m. 4815

## 4ra - 6 herb.



**Kaplaskjólsvegur - Laus strax** Falleg og velstaðsett 108 fm íbúð á 1. hæð með auka herbergi í kjallara á þessum vinsæla stað. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi, stofu og borðstofu ( auðvelt er að breyta borðstofu í herbergi). Í kjallara fylgir sér íbúðarherbergi með aðgangi að snyrtingu. V. 23,0 m. 4838



**Dalsel- 7 herbergja- mikið endurnýjuð** Góð 162,8 fm í búð á samt stæði í lokaðri bílageymslu sem er skráð 31,3 fm. Íbúðin er á tveimur hæðum og var endurnýjuð fyrir ca 3 árum að sögn eiganda. Húsið og garður eru í mjög góðu standi og fengu viðurkenningu frá umhverfisráði Breiðholts árið 2008. V. 34 m. 4834



**Hvassaleiti - með bílskúr – gott verð.** Mjög falleg 104,6 fm íbúð á 2. hæð. 20,5 fm bílskúr fylgir. Samtals 125,1 fm. Blokkin hefur verið standsett að utan. Íbúðin skiptist m.s. í mjög rúmgóða stofu og þrjú herbergi. Verð 22,9 millj.

## 3ja herb.



**Brekkustígur- Góð íbúð** Góð 3ja herbergja 94 fm íbúð við rólega götu í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er á jarðhæð og hefur verið endurnýjuð að hluta. V. 19,9 m. 4830



**Háteigsvegur ný falleg 3ja herb. - laus strax.** Nýtt á sölu ca 85 fm 3ja herb. íb. á jarðhæð í þessu nær algjörlega endurnýjaða húsi á mjög góðum stað í miðbæ Reykjavíkur. Sérinngangur. Góðar innréttingar. Parket og flísar. Sérþvottahús. Gott verð. 4864

## 3ja herb.



**Laugarnesvegur - glæsileg** Glæsileg 110,5 fm íbúð með glæsilegu útsýui á 6. hæð (efstu) ásamt stæði í góðu bílskýli í nýlegu álklættu fjölbýlishús byggt af ÍAV. Sér inngangur er íbúðin er svölum. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Allar innréttingar og parket eru úr hlyni. V. 36,0 m. 4840



**Hraunbær - sérinngangur** Hagkvæm og vel skipulögð 68,8 fm þriggja herbergja íbúð með sérinngangi af svölum. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúðinni. V. 18,0 m. 4826



**Miðvangur - útsýnisíbúð** 3ja herb. ca 80 fm útsýnisíbúð á 8. hæð í fallegu lyftuhúsi við Miðvang í Hafnarfirði. 2 svefnherb., endurn. eldhús, suðursvalir m. glæsilegu útsýni um víðan völl. Útsýni er úr herbergjum til vesturs og af svalagangi til norðurs. Laus, lyklar á skrifstofu. V. 17,9 m. 4816



**Hlíðarhjalli - Mikið útsýni** Góð 3ja herbergja 116,9 fm íbúð í Hlíðarhjalla Kópavogi með miklu útsýni og bílskúr. Íbúðin sjálf er 92,5 fm og bílskúrinn er 24,4 fm, fullbúinn. V. 23,9 m. 4773

## 2ja herb.



**Skeljagrandi- góð íbúð.** Góð 56,2 fm íbúð með sérinngang af svölum. Íbúðin er skráð 56,2 fm og stæði í lokuðum bílakjallara 30,9 fm. Ca 8 fm geymsla fylgir íbúðinni sem er óskráð hjá fasteignaskrá ríkisins og því ekki innifalin í fermetratölu íbúðar eins og venja er. V. 16,5 m. 4871



**Austurberg - einstakt útsyni** Góð 74,6 fm 2ja til 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð með einstaklega góðu útsýni. Íbúðin skiptist í forstofu, svefnherbergi, gang, geymslu innan íbúðar með glugga sem getur nýst sem barnaherbergi, eldhús, baðherbergi og stofu. Góðar suður svalir. V. 15,9 m. 4863



**Gunnarsbraut - Norðurmýri** Góð 61 fm kjallaraíbúð með sérinngang í norðurmýri Reykjavíkur. Húsið hefur verið töluvert endurnýjað nýlega. Íbúðin er lítið niðurgrafin. V. 14,9 m. 4781

## Sumarhús



**Sumarhús - Borgarbyggð** Sumarsetrið Landakot er til sölu. Húsið sem er um 121 fm með c.a. 40fm veröndu er staðsett við Þorgautsstaðaland í Borgarbyggð. Húsið stendur upp í hól inn í miðju túni . Húsið er byggt árið 1936 og viðbygging 1947. Húsið er búið 5 herbergjum með 10 rúmum eða alls 7 herbergi og eldhús. Tilboð óskast. 3952

## FASTEIGNASALAN GIMLI

Grensásvegi 13
Árni Stefánsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.

570 4800



**EYKTARÁS - FALLEGT ÚTSÝNI**
Fallegt 290 fm tveggja hæða einbýli á glæsilegum útsýnisstað efst í Elliðaárdalnum. Fjögur svefnherbergi. Tvær stórar og bjartar stofur. Innb. bílskúr. Fallegur garður. Verð 59 millj.



**FAXAHVARF - KÓPAVOGUR**
Glæsilegt 230 fm. einbýlishús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr. 4. svefnherbergi, stórar og bjartar stofur með fallegu útsýni. Vandaðar innréttingar. Gólf eru flísalögð og er hiti í þeim öllum. Bílaplan er hellulagt og með varmalögn. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Gimli.



**FENSALIR 1. HÆÐ MEÐ BÍLSKÚR OG SÉR VERÖND**
Glæsileg 123 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð með sérverönd í fallegu fjölbýli auk 25 fm bílskúrs. Þrjú svefnherbergi. Stór og björt stofa. Sér suðurverönd. Fallegar innréttingar. Parket og flísar. Sér þvottahús. Upplýsingar um verð og greiðslukjör gefur Sveinbjörn á skrifstofu Gimli



**BRÁVALLAGATA - 101**
Gimli kynnir sérlega fallega og bjarta 3 til 4ja herb. íbúð á 3. hæð á þessum vinsæla stað í Vesturbænum. Eignin skiptist í tvær stofur og tvö rúmgóð svefnherbergi. Linoleum dúkur og parket á gólfum. Nýtt baðherbergi og eldhús mikið endurnýjað. Nýjir gluggar til vesturs. Svalir. Sameign endurnýjuð. Vönduð og falleg eign. Verð 25,9 m. áhv. 19 millj. Uppl. Ísak - 8225588



**FLYÐRUGRANDI**
3ja herbergja íbúð á 3. Hæð. Sameiginlegt saunabað á þakhæð. Blokkin er í góðu standi að utan. Glæsilegur garður. Íbúðin er í eftirsóttu fjölbýlishúsi. Gæti hentað eldri borgurum vegna nálægðar við þjónustumiðstöðina við Aflagranda. Góð staðsetning, stutt í verslun, skóla, KR-völlinn o.fl. Verð 19,9 m



**ARNARHRAUN - HAFNARFJ.**
Falleg 92fm 3ja herb. neðri hæð í tvíbýli auk 35 fm bílskúrs. Skipti möguleg á einstaklings- eða 2ja herb. íbúð. Nánari uppl. um verð og greiðslukjör veitir Sveinbjörn í síma 892-2916 Verð 23,6 millj.

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800 - Fax 570 4810

## FASTEIGNASALA ÍSLANDS

VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066
Haukur Geir Garðarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

### HVERAFOLD 2



Vorum að fá í einkasölu fallega 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli. Stofa með suðausturverönd. Þvottaherbergi í íbúð. Góð staðsetning. Ásett verð 16,7 millj.

### VÍFILSGATA – BYGG.RÉTTUR 3



Vorum að fá í einkasölu fallega og mikið endurn. 3ja herb. efri hæð í góðu þríbýli, ásamt byggingarrétti. Stofa m. suðursvölum, 2 svefnh., eldhús og bað. Nýl. parket. Góð staðsetning. Ásett verð 20,8 millj.

### BOÐAGRANDI – BÍLSK. -LÆKKAÐ 4



Vorum að fá í einkasölu góða 4ra herbergja útsýnisíbúð á 3. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílskýli, á þessum vinsæla stað. Hol, stofa með suðvestursvölum, 3 svefnh., eldhús og baðh. Góð sameign. SKIPTI ATH. Á 2-3JA HERB. ÍB. LÆKKAÐ VERÐ 23,9 MILLJ.

## FASTEIGNA MIÐLUN

Síðumúla 11 – Sími 575-8500 Pálmi Almarsson, lögg.fasteignasali



**ARNARÁS - LEIGUÍBÚÐIR**
Höfum fengið til sölumeðferðar þetta 12 íbúða fjöleignarhús. Um er að ræða leiguíbúðir sem allar eru í útleigu. Átta 3ja herb. íbúðir og fjórar 2ja herb. íbúðir. Selst í heilu lagi. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu okkar að Síðumúla 11.



**STYKKISHÓLMUR - VÍKURGATA**
Skemmtilega staðsett einbýlishús innst í lítilli húsagötu í hjarta Stykkishólms. Húsið stendur hátt og því mikið og fallegt útsýni frá því. Húsið er alls 149,6 fm timburhús sem skiptist í hæð og ris auk geymslu í kjallara. Láttu Hólminn heilla þig. Verð 24,9 millj.



**FANNAFOLD - RAÐHÚS**
Vorum að fá í einkasölu gott raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr og sólskála. Þrjú svefnherbergi. Þetta er mjög góð staðsetning í barnvænu hverfi, stutt í alla þjónustu, skóla, sundlaug og útivistarsvæði. Verð 38,5 millj.



**JÖKLASEL - GOTT VERÐ**
145 fm íbúð á 2. hæð og rishæð. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu með útgangi út á suðvestursvalir, fjögur svefnherb., sjónvarpshol, eldhús, tvö baðherb., o.fl. Verð 29,5 millj. Íbúðin getur losnað fljótlega.



**ÁLFABORGIR - SÉRINNGANGUR**
3ja herb. 86 fm endaíbúð á 3. hæð á þessum vinsæla stað í Borgarhverfi Grafarvogs. Íbúðin er með sérinngangi og skiptist m.a. í stofu með útgangi út á suðursvalir, tvö svefnherberb.Gott útsýni. Stutt í alla þjónustu og örstutt í skóla. laus fljótlega. Verð 19,8 millj.



**HJALLAVEGUR - LAUS**
3ja herb. 60 fm ósamþykkt íbúð í bakhúsi á þessum vinsæla stað í Kleppsholtinu. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, rúmgott eldhús, tvö svefnherb., baðherb., þvottaherb. o.fl. Verð 9,8 millj. Íbúðin er laus.

Fasteignamidlun.is – Allar eignir á fasteignir.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

### TIL SÖLU



Timbureiningahús, 3 einingar, samtals : 81fm.
Tilbúið til flutnings.

Gæti hentað fyrir sumarhús, veiðihús, golfskála, ferðaþjónustuhús ofl.
Verð aðeins : 4,9millj.

**Allar frekari upplýsingar veittar á 101 Rvk fasteignasölu í síma : 511-3101**

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið




BLIKKÁS – FUNI
Smiðjuvegi 74 – 201 Kópavogi
Sími 515 8700 – www.blikkas.is
Frum







Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !**
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Önnur þjónusta




# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Second Hand verslunin Marilyn Monroe**
**Opið frá kl. 13 - 17.30 alla virka daga.**
**Úrval af notuðum og nýjum herra- og dömufatnaði á góðu verði.**
**Skór, töskur, slæður ofl.**
**Marylin Monroe, Starmýri 2.**
**(gengið inn frá Álftamýri)**
**s. 866 9747.**

**Bolalager!!**
C.a 1500 stk af 200 gramma gæðabolum Verð 450.000 100 % bómull. Svartir,Baige,gulir og Army green. Uppl. í síma 847 6400.

Til sölu 20 feta gámur. Upplýsingar í síma 5541806.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Til bygginga



Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

**Óska eftir að kaupa vinnupalla og steypumót gegn staðgreiðslu**
**Frá Layher, Plettac, Hunnebeck eða**
**Rux. Steypumót, frá Peri, Doka eða Hünnebeck.**
**Óska einnig eftir byggingarkrana, t.d.**
**Liebherr, Demag, Grove eða Faun.**
**Hringdu núna, Sverrir s. 693-6445**



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Timbur til sölu. Sperruefni 40x230mm. kr. 550 meterinn. Lengd 4,3 m, 4,9 m, 5,5 m og 6,1m. S. 857 2158.

## Verslun










# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osaismennt.is

## Nudd




**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

## Námskeið



Vilt þú læra að hlaupa á léttari máta? www.smartmotion.org hlaupastíll s 896 2300.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ




**ENSKA fyrir BÖRN- English for Polish-Icelandic**
Level I: 4 weeks Md to Fr; 13-14:30, start: 4/8. Level II: 4w Md to Frd 18-19:30 st. 4/8. Level III 4w Md to Fr 10-11:30 st 4/8. Level IV:10w: Sat/Sun; 10-11:30; st: 11/7. ENSKA: 2 vikur: 5-8 ára: Md-Fös 10:00-11:00 9-12 ára; 11:15-12:15: 20/7, 4/8, 17/8. ENGLISH for POLISH: start 4/8: Level I: 4 weeks; Md to-Fr;18-19:30, Level II: 19:45-21:15. Ármúli 5, s.5881169. Fullorðinsfræðslan, www.icetrans.is/ice

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Skemmtilegt námskeið fyrir börn og fullorðna. Nánari uppl. s: 895 1551 www.brokey.is

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

**Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl www.afsyring.is S. 897 5484 & 897 3327.**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir ferðamenn



**Alvöru kælibox fyrir ALVÖRU ferðalanga**
Við eigum líka alvöru frysti og kælikubba! Tilboðsverð á 65lítra kistlinum! 18.675,- m vsk - afgreitt hvar sem er á landinu - Einangrunargildi og ending í sérflokki Pöntunarsími 460 5000

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet - Silunganet**
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655. heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga/ Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.**
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

Til leigu 4 herb. íbúð á jarðhæð í kóp. Allt sér. S. 699 2558.

50fm 2herbergja íbúð í Kópavogi.Ný tekin í gegn. Verð 85.000. S:6973620

herbergi 22fm með sjonv.eldunaraðst, ískáp og aðg.að þvottav. ásamt sameigl. wc og sturtu a'jarðhæð við Ásvallagötu 101 verð 40.000pr laust strax uppl síma 6933699

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Hjón með 2 ung börn og gæfan hund sem geltir aldrei óska eftir 3-6 herb. húsnæði á höfuðborgarsvæðinu strax, í langtímaleigu. Sérinngangur skilyrði. Öruggar greiðslur+trygging. Uppl. í s. 866 0771.

Ungur reglusamur kk. óskar eftir húsi til leigu. Get borgað 1 mán. fyrirfram. Greiðugeta ca. 100 þús. Rvk og nágrenni. Uppl. í s. 857 4279.

24 ára kvk óskar eftir herbergi m/eld. aðst. nálægt HÍ f. veturinn. Reyklaus og reglusöm, skilvísum greiðslum heitið. 845 7958.

## Atvinnuhúsnæði

**Bolholt 4 til leigu**
**170fm verslunarhúsnæði á 1.hæð. Leigutilboð óskast. Laust strax. Einnig 220fm skrifstofuhúsnæði á 2.hæð, hægt að skipta í minni pláss.**
**Húsnæðin eru í góðu ástandi - Góð gólfefni - Er á milli Kauphallarhússins og Laugvegs 180. Hagstæð leiga/ Tilboð S. 893 8166 og 553 8166 og 581 3757.**

100m2 verslunarhúsnæði staðsett í Hlíðasmára, Kópavogi. Mjög ódýrt fermetra verð. Uppl. í síma 695 7045 & 570 7045.

Hlíðasmári Kópavogi Aðstaða fyrir nuddara, snyrtifræðinga o.þ.h., mism. stærðir. Mjög hagstætt leiguverð. Uppl. í 695 7045 & 570 7045.

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð 950 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annaliljastracta.com.

2 herbergja íbúð fullbúin húsgögnum með svefnplássi fyir 2-4. Leigist 1 nótt í senn eða fleiri. Staðsett við Kringluna. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188 eða limoutaxihotmail.com.

Íbúð eða herbergi til leigu á Akureyri í júlí. Verð 4000 per. mann per. nótt. Upplýsingar í síma 695 7045 & 570 7045.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Veitingahúsið SAFFRAN óskar eftir metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingum til starfa við þjónustu á stað okkar í Glæsibæ og á nýjum stað sem opnar við Dalveg í Kópavogi. Rík þjónustulund og reynsla af afgreiðslu- og þjónustustörfum skilyrði. Vaktavinna. Upplýsingar eingöngu veittar á staðnum milli kl 14-17 miðvikudaginn 29/7 og fimmtudag 30/7.

Fjörukráin í Hafnarfirði óskar eftir matreiðslumanni með reynslu til starfa, upplýsingar veittar á staðnum eða í síma 893 6435.

**Verslunin Tiger**
Starfsfólk óskast í verslanir okkar á höfuðborgasvæðinu. Skemmtilegt starf með góða möguleika. Umsóknir sendist á tiger.sandrasimnet.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**Sólarupptaka!**
Hún lagðist út á svalir, sveitt í sól og blíðu (með leikfang!) og lágróma hljóðritaði hún þessa frábærlega djörfu upptöku. Þú heyrir uppt. hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 og 535-9930, upptl. nr. 8167.

**Dömurnar á Rauða Torgi**
Þær eru síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem finnst gaman að heitum samtölum og djörfum símaleikjum. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 og 535-9999.

**Rúmlega fertug kona**
ungleg, grönn og ljóshærð, vill kynnast karlmanni með dálitla tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8230.

**BRUCE LEE LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1973.**

*„Reyndu ekki að apa eftir manneskju sem þér finnst aðdáunarverð. Efldu heldur eigið sjálfstraust og tjáðu þig óhikað.“*

***Bruce Jun Fan Lee hét hann fullu nafni og var frægur fyrir bardagalist sína og leik í kvikmyndum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. JÚLÍ 1783

## *Eldmessa flutt á Kirkjubæjarklaustri*

Séra Jón Steingrímsson kvaddi söfnuð sinn á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu til kirkju þennan dag árið 1783 og efndi til guðsþjónustu. Þá brunnu Skaftáreldar í Lakagígum og hraunið rann í stríðum straumum niður á sléttlendið og ógnaði þar öllu lífi. Hluti af hraunstraumnum rann austur með hlíðinni fyrir vestan Kirkjubæjarklaustur og nálgaðist byggðina ískyggilega.

Séra Jón talaði af miklum trúarhita og eldmóði í kirkjunni og bað til Guðs um hjálp við hinni aðsteðjandi ógn. Þegar fólkið kom út úr kirkjunni höfðu þau undur og stórmerki gerst að framrás hraunstraumsins hafði stöðvast meðan á messunni stóð. Var það ekki í vafa um að það væri að þakka bænhita séra Jóns. Hann fékk viðurnefnið eldklerkur upp frá því.



### MERKISATBURÐIR

1198 Bein Þorláks Þórhallssonar biskups tekin upp og lögð í skrín í Skálholti.

1627 Guðbrandur Þorláksson biskup á Hólum andast eftir 56 ár í embætti. Hann sat lengur í embætti biskups en nokkur annar.

1947 Ólafur krónprins Noregs (síðar konungur) afhjúpar styttu af Snorra Sturlusyni á Snorrahátíð í Reykholti í Borgarfirði.

1968 Opnuð vatnsleiðsla sem lögð er til Vestmannaeyja frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum.

1969 Appolló 11 lendir giftusamlega á Tunglinu.

1973 Stofnfundur Flugleiða hf. haldinn og sameinuðust Flugfélag Íslands og Loftleiðir þá í eitt félag.



†

*Hjartkær móðir okkar, amma og langamma,*

**Vilborg Halldórsdóttir**
Kópavogsbraut 69 Kópavogi,

lést miðvikudaginn 15. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Aðstandendur.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hildimundur Sæmundsson**
Túngötu 4, Álftanesi,

lést þann 7. júlí. Útförin fer fram frá Breiðholtskirkju þriðjudaginn 21. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Ferðasjóð íbúa að Hátúni 12. Reikningsnúmer 1175-26-500013. Kennitala 660506-0120.

**Aðalheiður Sigurdís Steingrímsdóttir**
**Steingrímur Hildimundarson**
**Steinhildur Hildimundardóttir** **Leifur Eysteinsson**
**Kristín Hildimundardóttir** **Jón Unnar Gunnsteinsson**
**Sæmundur Hildimundarson** **Nancy Rut Helgadóttir**
**barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Jón Hallgrímur Björnsson**
landslagsarkitekt, kenndur við Alaska,
Ásgarði 125, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítala í Kópavogi miðvikudaginn 15. júlí. Útförin auglýst síðar.

**Elín Þorsteinsdóttir**
**Sigríður Lóa Jónsdóttir** **Sigurður Ingi Ásgeirsson**
**Gunnlaugur Björn Jónsson** **Kristrún Jónsdóttir**
**Ingibjörg Svala Jónsdóttir** **Ólafur Ingólfsson**
**Sigrún Jónsdóttir**
**Björn Þór Jónsson**
**Elísa Ólöf Guðmundsdóttir** **Vignir Kristjánsson**
**Þorsteinn Ágúst Ólafsson** **Sandra Shobha Kumari**
**Árni Björnsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjálmar Indriði Guðmundsson**
bóndi og bifreiðastjóri, Korná, Skagafirði,

lést að heimili sínu að morgni sunnudagsins 12. júlí. Útförin fer fram frá Goðdalakirkju miðvikudaginn 22. júlí kl. 14.00.

**Birna Hjördís Jóhannesdóttir**
**Sólborg Rósa Hjálmarsdóttir** **Þórmundur Skúlason**
**Jóhannes Hjálmarsson** **Ólöf Þórhallsdóttir**
**Guðmundur Hjálmarsson** **María Bergþórsdóttir**
**Monika Björk Hjálmarsdóttir** **Högni Elfar Gylfason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ALLT KLÁRT** Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir er búin að æfa stíft í sumar og er tilbúin fyrir keppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**INGIBJÖRG RAGNHEIÐUR EGILSDÓTTIR:** KEPPIR Í MISS UNIVERSE Í ÁGÚST

# Fer þarna út til að sigra

„Ég er ekkert stressuð, frekar spennt ef eitthvað er, þó ég hafi aldrei tekið þátt í svona stórri keppni áður. Ég er alveg tilbúin í þetta og fer þarna út að sjálfsögðu til þess að sigra,“ segir Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir, sem mun keppa fyrir Íslands hönd í fegurðarsamkeppninni Miss Universe í byrjun ágúst.

„Keppnin er haldin á Bahamaeyjum og ég verð þarna í tæpan mánuð. Dagskráin er þétt, full af ferðum, galakvöldum, æfingum fyrir lokakvöldið og svo eru sundfatakeppni, tískusýning og þjóðbúningakeppni þar sem ég verð í peysufötum sem ég fékk lánuð.“

Á vefnum www.globalbeauties.com hefur verið komið upp lista yfir þær stúlkur sem þykja sigurstranglegastar í keppninni og er Ingibjörg þar í 16. sæti af 82 keppendum. „Ég var mjög hissa þegar ég komst að þessu. Það skiptir miklu máli að ná á þennan lista áður en maður fer út. Norrænu stelpurnar eru sjaldan á honum en vinna yfirleitt á þegar þær mæta til keppni. Yfirleitt eru þetta alltaf sömu löndin sem eru á listanum. Það var því mjög gaman að sjá mig þarna því það gefur manni smá forskot,“ segir Ingibjörg, sem hefur æft fyrir keppnina síðan í lok apríl.

„Ég er búin að vera á stífum gönguæfingum hjá Heiðari snyrti, sem er duglegur að segja mér til og svo er ég í einkaþjálfun hjá Alexander í World Class. Ég er líka búin að fá fullt af góðum ráðum frá stelpum sem hafa farið út í svona stórar keppnir. Ég hef fengið mikið af fötum lánuð frá vinkonum mínum og tvær skartgripabúðir hafa líka lánað mér mikið. Svo gaf verslunin Prinsessan keppniskjólinn fyrir aðalkvöldið en það er verið að breyta honum smá, gera hann glamúrlegri.“

Einungis tvær íslenskar stúlkur hafa tekið þátt í Miss Universe á síðustu tólf árum, þær Sif Aradóttir árið 2006 og Manúela Ósk Harðardóttir árið 2003 en hún þurfti að hætta keppni vegna veikinda.

„Ég átti fyrst að keppa í fyrra en undirbúningstíminn var ekki nægur þannig að ég fékk að fara í ár sem er frábært. Fólk heldur að fegurðarsamkeppnir snúist mikið um útlit en þetta er svo miklu meira en bara það. Sú sem vinnur þarf að vera klár í kollinum og hafa mikinn vilja til að geta sigrað svona keppni. Og ég vona auðvitað að ég hafi burði til sigurs.“

**heidur@frettabladid.is**

# Heiðarbýlin í göngufæri

Heiðarbýlin á Jökuldalsheiði og þar í kring hafa verið tengd með gönguleiðum. Hjá hverju þeirra er hólkur sem inniheldur upplýsingar um býlið, ábúendur og sögur tengdar því, gestabók og stimpill. Þetta auðveldar fólki að fá innsýn í mannlífið og söguna sem tengist þessu svæði, því þarna var fjöldi bæja á 19. öld og fram eftir 20. öld.

Það eru Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, sveitarfélagið Fljótsdalshérað og Kaupvangur menningar- og fræðasetur Vopnfirðinga sem hafa sameinast um að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu á Jökuldalsheiðinni og heiðunum þar í kring. Leikurinn Heiðarbýlin í göngufæri er liður í því. Kort til að safna stimplum verður til sölu í Sænautaseli og á Upplýsingamiðstöðvum á Egilsstöðum og Vopnafirði. Þeim sem skila inn korti með 10 stimplum verður veitt viðurkenning og þeir lenda í potti sem dregið verður úr á „Timburmannamorgni“ Ormsteitis í Sænautaseli hinn 16. ágúst. -gun



**VIÐ RÚSTIR** Hjördís Hilmarsdóttir og hundurinn Eldur í rústunum á Gestreiðarstöðum, þar sem komið hefur verið fyrir hólki með gestabók og stimpli.


FLUGFELAG.IS
VESTMANNAEYJAR 1995
(ÞJÓÐHÁTÍÐ)
EGILSSTAÐIR 1998
ÍSAFJÖRÐUR 2000
EGILSSTAÐIR 2003
AKUREYRI 2006
SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS
Ljóslifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt.
BÓKAÐU NÚNA Á WWW.FLUGFELAG.IS
FLUGFÉLAG ÍSLANDS




## Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




NOKKUR ORÐ

Þórunn Elísabet Bogadóttir

# Vondar vegasjoppur

Vegasjoppur landsins eru alveg sérstakur hluti af ferðalögum innanlands. Þau ferðalög eru víst eina vitið um þessar mundir, og nú þegar ég er loks á leiðinni úr borginni er kominn tími til að skrifa aðeins um þær.

Ég minnist þess nú ekki sérstaklega á ferðalögum fortíðarinnar að hafa fengið mikla reynslu af vegasjoppunum, í það minnsta ekki matnum þar, heldur frekar rétt til að rétta úr mér og skreppa á klósett. Hin einstaklega hagsýna móðir mín hafði nefnilega yfirleitt haft fyrir mikilli nestisgerð svo það gerðist ekki þörf á að kaupa sjoppufæðið. Það er ekki bara hagsýnt heldur líka mjög skemmtilegt, því með nestið í skottinu er hægt að stoppa hvar sem er og hvenær sem er og njóta þess að borða úti í náttúrunni.




Vegasjoppur eiga samt alltaf sinn stað og nokkrar slíkar eru fastar í minningunni.

Gamli Staðarskáli er einn þeirra og gamli Þrastarlundur sömuleiðis. Báðir þessir gömlu og sögufrægu staðir hafa nú verið eyðilagðir og í staðinn eru komnar nýtískulegar og stórar byggingar sem hafa rosalega lítinn sjarma. Þetta er bara enn ein birtingarmyndin af hugsunarhætti síðustu ára. Ekkert mátti vera til ára sinna komið, gamalt var ekki flott. Þetta var alveg ömurleg þróun. Þegar stoppað er í nýja Staðarskálanum verður maður þess lítið var að maður sé úti á landi, maður gæti allt eins verið á N1 bensínstöð í höfuðborginni eins og í Hrútafirði. Ég veit ekki með aðra, en þegar ég loksins slepp úr borginni langar mig ekki að finnast eins og ég sé bara í Ártúnsholti.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > Kristinn og Vilhjálmur í ÍR

Framherjinn Kristinn Jónasson og bakvörðurinn Vilhjálmur Steinarsson eru miklir félagar og ætla að spila saman á næsta tímabili. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa vinirnir báðir ákveðið að skipta yfir í ÍR í Iceland Express-deildinni. Kristinn kemur frá Haukum þar sem hann var með 15,9 stig og 9,2 fráköst að meðaltali í 1. deildinni í fyrra. Vilhjálmur hefur leikið með Keflavík undanfarin ár og var með 5,6 stig á 12 mínútum að meðaltali en hann lék þar á undan með Kristni í Haukum. Þeir félagar eru ekki búnir að ganga frá félagaskiptum en skrifa líklega undir samning á morgun.



sport
sport@frettabladid.is

**LANDSBANKADEILD KARLA:** GRINDVÍKINGAR UNNU FRÆKINN 4-2 SIGUR Á SPÚTNIKLIÐI STJÖRNUNNAR

# *Markaveisla hjá Grindvíkingum í síðari hálfleik*

„Þetta var frábært. Ég er gríðarlega ánægður með spilamennskuna sem við sýndum í kvöld. Baráttan var virkilega góð og allir voru að leggja sig hundrað prósent fram,“ segir varnarmaðurinn Zoran Stamenic hjá Grindavík í leikslok eftir 4-2 sigurinn gegn Stjörnunni Pepsi-deildinni í gærkvöld.

Gestirnir í Stjörnunni byrjuðu leikinn af miklum krafti á Grindavíkurvelli og þegar tæp mínúta var liðin á leikklukkunni var Jóhann Laxdal búinn að koma boltanum í net heimamanna. Hafsteinn Rúnar Helgason átti þá góða hornspyrnu sem fór í gegnum teiginn en Jóhann beið eins og hrægammur á fjærstönginni og skallaði boltann af harðfylgi neðst í markhornið. Stjörnumenn voru frískari aðilinn framan af leik en Grindvíkingar voru smá stund að finna taktinn.

Seinni hálfleikurinn fór rólega af stað en það átti heldur betur eftir að breytast. Stjörnumenn litu út fyrir að vera með ágætistök á leiknum og sáttir með sitt. Hlutirnir eru hins vegar fljótir að gerast í fótbolta og á 58. mínútu jafnaði varamaðurinn Óli Baldur Bjarnason leikinn með skoti af stuttu færi eftir góðan undirbúning frá Jósef Kristni Jósefssyni. Óli Baldur var aftur á ferðinni þremur mínútum síðar þegar hann átti sendingu á kollinn á Gilles Mbang Ondo eftir vel útfærða skyndisókn. Framherjinn skallaði boltann í netið og Grindvíkingar skyndilega komnir með forystu í leiknum. Á 79. mínútu skoraði Stamenic svo þriðja mark Grindvíkinga þegar hann tók boltann á lofti og hamraði hann í netið eftir sendingu frá Orra Frey Hjaltalín. Stjörnumenn svöruðu hins vegar fyrir sig stuttu síðar þegar markahrókurinn Arnar Mar Björgvinsson minnkaði muninn. Markið reyndist þó skammgóður vermir fyrir gestina því Scott Ramsay gerði út um leikinn með fjórða marki heimamanna á 83. mínútu og þar við sat. Niðurstaðan var 4-2 sigur Grindvíkinga sem sýndu hvers þeir eru megnugir. „Vonandi getum við byggt á þessum sigri. Við höfum reyndar verið að spila vel upp á síðkastið en við þurfum að fara að vinna leikina, eins og við gerðum í kvöld,“ segir Stamenic ákveðinn.



**Fjölnir 1-2 KR**

Fjölnisvöllur, áhorf.: 1614 — Magnús Þórisson (6)

*1-0 Andri Valur Ívarsson (22.)*
*1-1 Björgólfur Takefusa (27.)*
*1-2 Prince Rajcomar (67.)*

### TÖLFRÆÐIN

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–14 (2–9) |
| Varin skot | Hrafn 7 – Stefán Logi 1 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–8 |
| Rangstöður | 2–2 |

| FJÖLNIR 5–3–2 | | KR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Hrafn Davíðsson | 7 | Stefán Logi Magnúss. | 5 |
| Illugi Þór Gunnarss. | 6 | Eggert Rafn Einarss. | 5 |
| (86., Ágúst Þór | -) | Mark Rutgers | 7 |
| Ásgeir Ásgeirsson | 6 | Grétar Sigf. Sigurðars. | 7 |
| Ólafur Páll Johnson | 6 | Jordao Diogo | 5 |
| Gunnar V. Gunnarss. | 5 | Óskar Örn Hauksson | 7 |
| Vigfús Jósepsson | 6 | Jónas Guðni Sævars. | 7 |
| (73., Olgeir Óskars. | -) | Baldur Sigurðsson | 6 |
| Magnús Ingi Einars. | 5 | Guðmundur Reynir | 6 |
| Gunnar Már Guðm. | 5 | (65., Prince Rajcomar | 7) |
| Tómas Leifsson | 7 | ***Gunnar Örn Jónss.** | **7** |
| Jónas Grani Garðars. | 6 | (70., Gunnar Kristj. | 6) |
| Andri Valur Ívarsson | 7 | Björgólfur Takefusa | 7 |
| (73., Ragnar Heimir | -) | (76., Guðm. Ben. | -) |

**Maður leiksins*

## ÚRSLIT OG STAÐA

FH-Keflavík 2-2
0-1 Guðjón Árni Antoníusson (42.), 1-1 Davíð Þór Viðarsson (59.), 2-1 Atli Guðnason (76.), 2-2 Magnús Þorsteinsson (89.). **Nánari umfjöllun**, einkunnagjöf og viðtöl má finna inn á Vísir.is

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **13** | **11** | **1** | **1** | **37-10** | **34** |
| KR | 13 | 7 | 3 | 3 | 25-17 | 24 |
| **Stjarnan** | **12** | **6** | **2** | **4** | **28-19** | **20** |
| Fylkir | 11 | 6 | 2 | 3 | 21-13 | 20 |
| **Keflavík** | **12** | **5** | **5** | **2** | **22-19** | **20** |
| Valur | 11 | 6 | 1 | 4 | 15-19 | 19 |
| **Breiðablik** | **11** | **4** | **3** | **4** | **16-17** | **15** |
| Fram | 11 | 4 | 2 | 5 | 14-14 | 14 |
| **Grindavík** | **12** | **3** | **2** | **7** | **15-26** | **11** |
| Fjölnir | 12 | 2 | 2 | 8 | 14-25 | 8 |
| **ÍBV** | **11** | **2** | **1** | **8** | **9-21** | **7** |
| Þróttur | 11 | 1 | 2 | 8 | 10-26 | 5 |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **ÍBV-Fram** | **mán. 20. júl. 19:15** |
| Þróttur-Breiðablik | mán. 20. júl. 19:15 |
| **Valur-Fylkir** | **mán. 20. júl. 20:00** |

# Næst er að velja hópinn

**Sigurður Ragnar Eyjólfsson sá margt jákvætt í leik kvennalandsliðsins þrátt fyrir 1-2 tap á móti Dönum í æfingaleik í gær. Liðið var að spila við eitt besta lið heims og íslensku stelpurnar voru óheppnar að skora ekki fleiri mörk.**

**FÓTBOLTI** Kvennalandsliðinu tókst ekki að vinna Dani í fyrsta sinn þegar liðin áttust við í vináttulandsleik í gær. Danir skoruðu tvö mörk á fyrstu tólf mínútum leiksins og fögnuðu 2-1 sigri. Hólmfríður Magnúsdóttir náði að jafna leikinn í millitíðinni.

„Það var margt mjög jákvætt hjá okkur og við vorum pínulítið óheppin að fá ekkert út úr þessum leik. Við áttum bæði skot í slána og stöngina og við sköpuðum okkur fín færi,“ sagði Sigurður Ragnar sem segir liðið hafa gert mun betur en þegar Danir unnu 2-0 í leik liðanna í Algarve-bikarnum fyrr á árinu.

„Þetta var allt annað og miklu betra en þegar við mættum þeim á Algarve í mars. Við vorum aðeins sofandi á verðinum í byrjun en það var þó jákvætt að við jöfnuðum leikinn í 1-1. Þær komu til baka stuttu eftir markið en svo fáum við annað mark á okkur í kjölfarið sem er alltaf erfitt,“ sagði Sigurður Ragnar og lagði áherslu á að mótherjinn hafi verið mjög sterkur.

„Þær eru með frábært lið og mér finnst Danmörk vera eitt af þremur bestu liðunum í Evrópu. Þær eru í sjötta sæti á heimslistanum og eru það lið sem við höfum mætt sem er best í að halda boltanum innan liðsins,“ sagði Sigurður Ragnar og bætti við:

„Þessi leikur byrjaði svolítið svipað og leikurinn á móti þeim í mars en svo ákváðum við að stíga aðeins upp á völlinn og taka þær framar. Við ákváðum að prófa það líka því við getum lent í því í lokakeppninni að þurfa að sækja og skora. Við færðum okkur framar og leyfðum þeim ekki að spila frá markmanni og þá gekk þetta betur hjá okkur,“ sagði Sigurður.

Guðbjörg Gunnarsdóttir stóð nú í markinu og fékk á sig tvö mörk í upphafi leiks. „Guðbjörg komst ágætlega frá leiknum og greip vel inn í þegar þurfti. Það er erfitt að saka hana um þessi mörk,“ sagði Sigurður Ragnar, en ánægðastur var hann þó með Hólmfríði Magnúsdóttur sem skoraði mark Íslands í gær og var einnig á skotskónum í sigrinum á Englandi.

„Hólmfríður er einn af ljósu punktunum í ferðinni og stóð sig frábærlega í báðum þessum leikjum. Hún hefur líka stórbætt hvað hún vinnur góða varnarvinnu. Hólmfríður var að standa sig frábærlega sem er mjög jákvætt fyrir okkur,“ sagði Sigurður Ragnar.

Þórunn Helga Jónsdóttir sem kom alla leið frá Brasilíu var ein af sex varamönnum sem komu við sögu í leiknum í gær.

„Við þurfum að finna út hvernig Þórunni myndi ganga á stórum velli og á móti alvöru liði. Hún komst vel frá leiknum og stóð sig vel,“ sagði Sigurður Ragnar.

Leikmenn landsliðsins snúa nú aftur til félagsliða sinna og þegar þær hittast næst verður landsliðsþjálfarinn búinn að velja þá 22 leikmenn sem fara með í lokakeppnina í Finnlandi.

„Nú fylgist ég með félagsliðunum og reyni síðan að velja rétta hópinn fyrir lokakeppnina. Ég vel 22 manna hóp og stefnan er að velja þær sem ég tel vera bestar. Ég fylgist því vel með öllum stelpunum næstu daga á meðan að ég legg lokahöndina á hópinn,“ segir Sigurður Ragnar sem velur hópinn í byrjun ágúst.

**ooj@frettabladid.is**



**GÓÐ** Hólmfríður Magnúsdóttir spilaði frábærlega með landsliðinu á móti Englandi og Danmörku.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**Grindavík 4-2 Stjarnan**

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 634 — Eyjólfur Kristinsson (6)

*0-1 Jóhann Laxdal (1.), 1-1 Óli Baldur Bjarnason (58.), 2-1 Gilles Ondo (61.), 3-1 Zoran Stamenic (79.), 3-2 Arnar Már Björgvinsson (81.), 4-2 Scott Ramsay (83.)*

### TÖLFRÆÐIN

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–9 (8–5) |
| Varin skot | Óskar 3 – Bjarni Þórður 4 |
| Horn | 6–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 18–16 |
| Rangstöður | 4–2 |

| GRINDAV. 4–5–1 | | STJARNAN 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Óskar Pétursson | 6 | Bjarni Þórður Halld. | 5 |
| Ray Anthony Jónss. | 6 | Guðni Rúnar Helgas. | 5 |
| ***Zoran Stamenic** | **7** | Tryggvi Sv. Bjarnas. | 6 |
| Óli Stefán Flóventss. | 7 | Daníel Laxdal | 5 |
| Bogi Rafn Einarsson | 6 | Hafsteinn Rúnar Helg. | 5 |
| (86., Emil Daði Sím. | -) | (46., Arnar Már Björg. | 6) |
| Scott Ramsay | 7 | Jóhann Laxdal | 6 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 7 | Andri Sigurjónsson | 4 |
| Eysteinn Hauksson | 6 | Björn Pálsson | 5 |
| (89., Páll Guðmunds. | -) | Birgir Hrafn Birgisson | 4 |
| Þórarinn Kristjánss. | 5 | (72., Richard Hurlin | -) |
| (36., Óli Baldur Bja. | 7) | Ellert Hreinsson | 4 |
| Jósef Kristinn Jósefs. | 7 | Magnús Björgvinss. | 3 |
| Gilles Mbang Ondo | 7 | (72., Heiðar Atli | -) |

**Maður leiksins*

Opna breska golfmótið:

# Sá gamli missti frá sér sigurinn



**GOLF** Tom Watson tókst ekki að vinna sögulegan sigur á opna breska meistaramótinu í golfi því hann tapaði í umspili á móti Stewart Cink í gær.

Watson átti möguleika á að tryggja sér sigurinn á 18. holunni en mistókst að setja niður þriggja metra pútt. Cink vann umspilið af öryggi.

Hinn 59 ára gamli Tom Watson hefði orðið elsti kylfingurinn í sögunni sem vinnur risamót og þetta hefði orðið sjötti sigur hans á opna breska sem væri met. **- óój**

KR-ingar snéru tapi í sigur í Grafarvogi og eru tíu stigum á eftir toppliði FH:

# Prinsinn tryggði KR sigurinn

**FÓTBOLTI** KR-ingar sóttu sigur í Grafarvoginn í gær þegar þeir lögðu Fjölni 2-1. Prince Rajcomar skoraði sigurmarkið af stuttu færi þegar hann var nýkominn inn á sem varamaður.

„Við höfðum klárlega yfirburði í leiknum en maður er ósáttur við að hafa ekki skapað fleiri færi og skorað fleiri mörk,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR. Hans menn voru mun betri í fyrri hálfleik en varnarsinnaðir Fjölnismenn náðu hins vegar forystunni úr sinni einu sókn í fyrri hálfleiknum þegar Andri Valur Ívarsson skoraði.

„Það hefur verið okkar Akkilesarhæll að ná að klára leikina. En við sigruðum og fengum stigin þrjú og það skiptir mestu máli. Það er erfitt að brjóta Fjölni á bak aftur, þeir spila fimm manna vörn og með þrjá þarna frammi. Við ræddum það í hálfleik hvernig við gætum spilað á móti þeim því miðjan var ansi opin,“ sagði Logi.



**MARK** Gunnar Örn Jónsson og Björgólfur Takefusa fagna hér fyrra marki KR.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Leikurinn gegn Larissa var mjög erfiður og hann tók sinn toll. Á sama tíma voru Fjölnismenn í fríi. En við getum ekkert kvartað, við viljum taka þátt í þessari keppni og spila marga leiki.“

Gunnar Örn Jónsson lagði upp bæði mörk KR í kvöld, það fyrra fyrir Björgólf Takefusa en staðan var jöfn 1-1 í hálfleik. Fjölnismenn komu mun sprækari til leiks í seinni hálfleikinn og voru líklegri til að skora áður en Prince kom með sigurmarkið.

„Þetta var bara hörkuleikur sem hefði getað dottið hvorum megin sem var. Við vorum aðeins undir í fyrri hálfleik en náðum að loka betur á þá í seinni hálfleiknum,“ sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis.

„Möguleikarnir voru okkar framan af seinni hálfleiknum og ég var því mjög svekktur að fá þetta mark í bakið.“ **- egm**












# BESTU LJÓSMYNDARAR ÍSLANDSSÖGUNNAR

**Ljósmyndarinn Einar Falur Ingólfsson hefur tekist á hendur það erfiða, og væntanlega umdeilda, verkefni að velja bestu ljósmyndara Íslandssögunnar og verk eftir þá. Afraksturinn verður gefinn út í veglegri bók og mikil sýning sett upp á Akureyri þar sem þessar myndir verða sýndar.**


**EINAR FALUR MEÐ GERSEMINA „FRÁ REYKJAVÍKURHÖFN“ FRÁ UM 1875 EFTIR SIGFÚS EYMUNDSSON** Einar vonar að sýningin verði umdeild enda væri eitthvað að ef allir væru sammála um það sem byggir á smekk eins sýningarstjóra.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég hef valið þrettán ljósmyndara, sem að mínu mati eru þeir bestu þeirra sem fæddir eru fyrir 1960 og hafa starfað í að minnsta kosti aldarfjórðung við fagið,“ segir Einar Falur Ingólfsson, ljósmyndari og blaðamaður.

Einar Falur hefur tekist á hendur það vandasama verk að velja bestu ljósmyndara Íslandssögunnar og verk eftir þá – innan þeirra marka sem hann nefnir hér að ofan. Níu þessara ljósmyndara eru látnir en fjórir eru á lífi. Afraksturinn munu menn svo fá að sjá á sýningunni Úrval sem opnar á Akureyrardaginn, 29. ágúst, á Listasafni á Akureyri. Einar Falur er sýningarstjóri. Að auki mun forlagið Sögur gefa út veglega ljósmyndabók. Þeir þar á bæ líta svo á að bók sem þessi eigi fullt erindi bæði við landsmenn sem og á erlendan vettvang. Einar Falur segir valið bæði hafa verið erfitt og ekki. „Ég þekki býsna vel til. Þorri verkanna kemur úr Ljósmyndasafni Íslands, sem er innan Þjóðminjasafns og svo frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.“ Einar Falur vonar að valið verði umdeilt. „Sumt er algerlega augljóst en annað verður umdeilt. Þannig á það að vera þegar sýningarstjóri setur saman sýningu sem byggist á hans smekk. Það væri eitthvað að ef allir væru sammála.“

Einar Falur segir einn stærsta vandann hafa verið þann hversu fáar konur koma til greina. „Þegar lagst er í rannsóknir á íslenskri ljósmyndasögu má sjá að fram komu margar efnilegar og góðar konur. En þær hættu nánast undantekningalaust þegar þær stofnuðu fjölskyldu. Tvær undantekningar eru þó og þær konur eru báðar með verk á sýningunni,“ segir Einar og nefnir til sögunnar Sigríði Zoëga og Nicoline Weywadt. Konur sem höfðu úthaldið sem þurfti til að ná inn fyrir þær takmarkanir sem Einar setur. Elsti ljósmyndarinn á sýningunni er Sigfús Eymundsson, ljósmyndari og bóksali, sem að margra mati sem til þekkja er mögulega sá besti sem hér hefur starfað. Pétur Brynjólfsson og feðgarnir Magnús Ólafsson og Ólafur Magnússon voru mikilvægir póstar íslenskrar ljósmyndasögu sem og þeir Vigfús Sigurgeirsson, Jón Kaldal og Ólafur K. Magnússon. Ljósmyndararnir sem eru á lífi og eiga verk á sýningunni eru Guðmundur Ingólfsson, Sigurgeir Sig-













**EINSTAKAR MYNDIR**

Hér að ofan: Klúbbfundur í Reykjavík - upp úr aldamótunum 1900 eftir Pétur Brynjólfsson. Efst: Útsýn yfir Djúpavog og inn eftir Berufirði ísaveturinn 1873 – 74 eftir Nicoline Weywadt. Til hægri: Jóhannes S. Kjarval listmálari eftir Jón Kaldal. Að neðan eru svo tveir núlifandi ljósmyndarar sem eiga verk á sýningunni; **Ragnar Axelsson** til vinstri og **Páll Stefánsson**.

urjónsson, Ragnar Axelsson og Páll Stefánsson.

„Það verður sprenging eftir 1960. Þá koma einnig miklu fleiri konur til sögunnar. Þetta er mín kynslóð og mjög meðvitað vel ég ekki verk þaðan. Undirtitill sýningarinnar er 1872 til 2009. Útgangspunkturinn hjá mér er myndir af fólki og mannlífi. Margir skoða íslenska ljósmyndun út frá landslagi og náttúru. Sem ekki er skrítið. Hér hefur alltaf verið fátt fólk í stóru og tilkomumiklu landi. Mitt áhugasvið er meira mannlífið. Ég er að skoða það, þó ljósmyndarar sýningarinnar séu afar sterkir náttúruljósmyndarar. En þeir hafa einnig unnið markvisst með fólk og náttúru og það mun sjást á sýningunni,“ segir Einar Falur.

jakob@frettabladid.is

# Fatahönnun er mikil barátta

Hér á landi er að finna marga efnilega hönnuði, sem margir eru að taka sín fyrstu skref í hinum harða heimi tískunnar. Gunnhildur Edda Guðmundsdóttir, eða Edda eins og hún er kölluð, útskrifaðist fyrir ári síðan úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands. Hún hannar nú flíkur undir nafninu Blindfold, sem voru meðal annars seldar í versluninni Trilogiu og í Kronkron. „Það er allt uppselt hjá mér eins og er, en ég er að vinna að nýrri línu þessa dagana sem ég vonast eftir að geta komið í verslanir,“ segir Edda. Hún segist sækja innblástur í gamlar ljósmyndir og hrollvekjur og blandar gjarnan saman andstæðum, grótesku í bland við klassík, og andstæða liti.

Hún segir að það sé mikið hark að vera hönnuður á Íslandi og að hönnuðir þurfi að vera duglegir við að koma sér áfram og kynna vörur sínar. „Þetta er mikil barátta og getur verið mjög dýrt, maður þarf að vera sniðugur að finna ódýrar lausnir ef maður ætlar ekki að enda á hausnum. Ég hef líka verið dugleg við að tala við fólk og redda mér símanúmerum og einnig sótt námskeið hjá Nýsköpunarsjóði,“ segir Edda. Spurð út í framtíðarplön sín segist Edda hafa áhuga á að selja hönnun sína fyrir utan höfuðborgarsvæðið. „Mig langar að fara út á landsbyggðina og sjá hvort það sé áhugi fyrir hönnun minni þar. Það væri gaman að geta selt flíkurnar í hverjum landshluta,“ segir Edda að lokum.

Hægt er að skoða flíkurnar á www.eddagudmunds.com. - sm



**EDDA** Hannar og selur undir nafninu Blindfold. Hún segir að það sé mikið hark að vera fatahönnuður á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


# Við mælum heyrnina þína ókeypis!

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu næst þegar þú átt leið í Kringluna. Það tekur aðeins stutta stund að fá heyrn sína mælda, en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Háþróuð heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

TRYGGINGASTOFNUN TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU HEYRNARTÆKJA!

HEYRNARSTÖÐIN

FISKFARS 449,- kr. kg.



20 ára! GAMALT VERÐ

20 ára! GÖMUL UPPSKRIFT

**Ráð frá Fiskikónginum**

“Gott að steikja fiskbollur, þær geymast í kæli í allt að viku. Fínt að taka með sér í útileguna. Einnig er gott að frysta fiskbollurnar, það er stutt í að skólarnir byrja!”

**Dönsk uppskrift af fiskibollu-samloku**



Baguette eða Langlokubrauð, skorðið eftir endilöngu, brauðið smurt með mayonnaise, fiskbollurnar settar inni eftir að búið er að skera þær í hæfilega bita. Salatblað, ásamt súrum gúrkum og ferskum tómatsneiðum settar á milli...

Verði ykkur að góðu.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



> **DeAnna Pappas**

„Frá því að ég var lítil stelpa hefur mig dreymt um að verða ástfangin og klæðast hvítum kjól og bera demantshring. Nú munu draumar mínir rætast.“

***Pappas leitar að draumaprinsinum í raunveruleikaþættinum The Bachelorette sem SkjárEinn sýnir í kvöld kl. 21.00.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VÍÐIR SMÁRI PETERSEN VILL AÐ SKJÁREINN SÝNI ÞÁTTINN HENNAR ELLEN

## *Rachael Ray er svo ótrúlega leiðinleg*



Nú verð ég að fá útrás. Aðeins of oft hef ég slysast inn á SkjáEinn eftir vinnu, eða skóla á veturna, og látið hina ítalskættuðu Rachael Ray gera mér lífið leitt. Fyrir utan að hafa óendanlega pirrandi rödd þá er hún versti þáttastjórnandi sem ég hef augum litið. Gestir hennar fá sjaldnast að tjá sig nema hún grípi inn í, eyðileggi skemmtilega sögu og segi gjörsamlega ömurlega sögu af sjálfri sér, sem yfirleitt snýst um hversu mikið hún borðar. Ekki nóg með það! Manneskjan, sem stjórnar spjallþætti/matreiðsluþætti, segist getað eldað allar máltíðirnar sem hún eldar á innan við hálftíma. Í fyrsta lagi er búið að afsanna það þar sem matargagnrýnandi prófaði að elda réttina hennar, og tók með undirbúning og fleira, og fljóteldaðasti rétturinn tók 49 mínútur. Í öðru lagi eldar hún alltaf úr sama hráefninu, beikoni, osti og pasta. Í þriðja lagi er þetta aldrei girnilegt og í fjórða lagi segir hún yfirleitt að maturinn sem hún eldar sé hollur en í raun inniheldur hver máltíð jafnmargar kalóríur og íbúafjöldi er í Mosfellsbæ.

Hennar helsta afrek í lífinu (fyrir utan að fá þátt í bandarísku sjónvarpi á óskiljanlegan hátt) er að fá uppáhaldsskammstöfunina sína, EVOO, viðurkennda í bandarískri orðabók en EVOO er skammstöfun fyrir Extra virgin olive oil. Það er ótrúlegt að þessi manneskja skuli hafa verið uppgötvuð af annars góðri og skemmtilegri konu, Opruh Winfrey. Sú kann að hlusta en ég veit þó ekki um eldunarhæfileika hennar.

Heilræði til SkjásEins. Fáið sýningarrétt á spjallþætti Ellenar Degeneres. Sú er þekkt fyrir að hlusta og margir hafa opnað sig í þættinum hjá henni. Til dæmis viðurkenndi Neil Patrick Harris (Barney úr How I met your mother) í fyrsta sinn samkynhneigð sína í hennar þætti. Svo er Ellen líka fyndin, ekki sjúklega leiðinleg!

## MÁNUDAGUR



▶ **19.45 Valur – Fylkir, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.45 Two and a Half Men** STÖÐ 2



▶ **20.00 What I Like About You** SKJÁREINN



▶ **20.45 Lífsháski** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40 The Loop** STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana** (43:56)

**17.53 Sammi** (34:52)

**18.00 Millý og Mollý** (20:26)

**18.13 Halli og risaeðlufatan** (20:26)

**18.25 Út og suður** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Ganges** (Ganges: Vatnaland) (3:3) Í þessum breska heimildamyndaflokki er ánni Ganges fylgt frá upptökum hennar í Himalajafjöllum til óseyranna við Bengalflóa og fjallað um náttúru, dýralíf og mannlíf við þetta helgasta fljót Indlands.

**20.30 Sólkerfið** (Space Files) (3:13) Stuttir fræðsluþættir um sólkerfið.

▶**20.45 Lífsháski** (Lost V) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast. Aðalhlutverk: Ken Leung, Henry Ian Cusick, Elizabeth Mitchell, Josh Holloway og Rebecca Mader.

**21.30 Trúður** (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. (e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.

**23.05 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) (e)

**23.50 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Jumanji**

**10.00 The Murder of Princess Diana**

**12.00 Wendy Wu**

**14.00 Jumanji**

**16.00 The Murder of Princess Diana**

**18.00 Wendy Wu**

**20.00 Prozac Nation** Áhrifamikil mynd byggð á samnefndri metsölubók um unga konu sem glímir við depurð og tilvistarkreppu á fyrsta ári sínu sem nemandi við Harvard-háskóla.

**22.00 Silver City**

**00.05 Infernal Affairs 3**

**02.00 The Deal**

**04.00 Silver City**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (7:26)

**10.00 Doctors** (8:26)

**10.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (3:10)

**11.05 60 mínútur**

**11.50 Gossip Girl** (8:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (236:260)

**13.25 I'm With Lucy**

**15.10 ET Weekend**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Galdrastelpurnar og Ævintýri Juniper Lee.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (6:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** Níunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.

▶**19.45 Two and a Half Men** (9:19) Charlie Harper lifði í vellystingum þar til bróðir hans Alan, flutti inn á hann slyppur og snauður, nýfráskilinn, með son sinn Jack.

**20.10 So You Think You Can Dance**

**21.40 So You Think You Can Dance**

**22.25 Entourage** (10:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt í kvikmyndaborginni, neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.

**22.55 The Best Years** (3:13) Framhaldsþættir um unglingstúlkuna Samönthu Best sem hefur síðustu ár þurft að flytja milli fósturheimila. Nú er hún að hefja skólagöngu í virtum háskóla og þar þarf hún að læra að takast á við háskólalífið, ástina og það sem aðrir myndu kalla eðlilegt líf.

**23.40 Bones** (19:26)

**00.25 Fauteuils d'orchestre**

**02.05 Puff,Puff, Pass**

**03.35 I'm With Lucy**

**05.05 The Best Years** (3:13)

**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**16.55 FH - Keflavík** Útsending frá leik FH og Keflavíkur í Pepsí-deild karla.

**18.45 Pepsímörkin 2009** Þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

▶**19.45 Valur - Fylkir** Bein útsending frá leik Vals og Fylkis í Pepsí-deild karla.

**22.00 10 Bestu: Eiður Smári Guðjohnsen** Sjöundi þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Í þessum þætti verður Eiður Smári Guðjohnsen tekinn fyrir og hans afrek skoðuð.

**22.45 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

**23.30 Valur - Fylkir** Útsending frá leik Vals og Fylkis í Pepsí-deild karla.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Inter - Club America** Útsending frá leik Inter og Club America.

**19.00 PL Classic Matches** Tottenham - Newcastle, 1994. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.30 PL Classic Matches** Blackburn - Liverpool, 1995.

**20.00 Inter - Club America** Útsending frá leik Inter og Club America.

**21.40 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**22.35 Blackburn - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**18.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (1:48) (e)

**19.10 Robin Hood** (5:13) (e)

▶**20.00 What I Like About You** (10:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Aðalhlutverkin leika Amanda Bynes og Jennie Garth.

**20.30 Matarklúbburinn** (5:8) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.

**21.00 Bachelorette** (2:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi myndarlegra piparsveina.

**22.30 Home James** (3:10) Skemmtileg þáttaröð um fyrirtæki í Los Angeles sem býður óvenjulega þjónustu. Þegar fólk er búið að fá sér í glas og er ekki í ástandi til að keyra heim, getur það hringt í Home James sem sendir einkabílstjóra á staðinn á lítilli vespu.

**23.00 Murder** (3:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk glímir við raunverulegar morðgátur. Glæpirnir hafa verið sviðsettir af mikilli nákvæmni og hvert smáatriði skiptir máli.

**23.50 Penn & Teller: Bullshit** (25:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans.

**00.20 The Dead Zone** (5:13) (e)

**01.10 CSI** (7:24) (e)

**02.00 Óstöðvandi tónlist**

### iNN

**20.00 Eldað Íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Frumkvöðlar** Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

**21.00 7 leiðir með Gaua litla** Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson hafa umsjón með þætti um heilsufar og mataræði.

**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**Skráðu þig í eitt glæsilegasta golfmót ársins.**
**Tveggja daga punktakeppni með niðurskurði.**

*Vinningar:*
*80.000 kr. Gjafabréf frá Smáralind*
*50.000 kr Gjafabréf frá Smáralind*
*40.000 kr Gjafabréf frá Smáralind*
*Tvær 30.000 kr inneignir frá American Express*
*Fimmtán Cintamani jakkar*
*Sex 10.000 kr inneignir frá Ecco búðunum*
*Fjöldi áskrifta frá Stöð 2 Sport og Sport 2*
*Tveir Nike SQ Dymo Driverar og tvö brautartré*
*Tvö 6 mánaða kort í Hreyfingu*
*Dekur hjá Blue Lagoon*

*Nánari upplýsingar á bylgjan.is og skráning á golf.is*

Smáralind

ecco AMERICAN EXPRESS HREYFING NIKEGOLF SPORT GKG

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### So You Think You Can Dance



Stærsta danskeppni í heimi heldur áfram. Allt byrjaði þetta á prufunum sem fram fóru í fjórum borgum. 16 keppendur standa eftir í úrslitakeppninni, en tveir dansarar til viðbótar þurfa að gefa drauminn um að verða næsta dansstjarna Bandaríkjanna upp á bátinn í kvöld. Ótrúleg tilþrif, dramatísk dansatriði, magnaðir dansarar og kolruglaðir dómarar í kvöld í So You Think You Can Dance.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Matarklúbburinn**

**SkjárEinn kl. 20.30**

Hrefna Rósa Sætran, matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína. Í þættinum í kvöld ætlar Hrefna að matreiða ýsu og reykta ýsu með nýjum íslenskum kartöflum, lambaskanka með heimalöguðu hrásalati og linsubaunabollur og brokkolí.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Jacqueline du Pré
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**22.45** Bláar nótur í bland
**23.20** Lostafulli listræninginn
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (235:260)
**17.15 Hollyoaks** (236:260)
**17.40 E.R.** (21:22) Þættirnir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.25 Seinfeld** (8:22)
**18.45 Hollyoaks** (235:260)
**19.15 Hollyoaks** (236:260)
**19.40 E.R.** (21:22)
**20.25 Seinfeld** (8:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶ **21.40 The Loop** (3:10) Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Yfirmaður hans gerir óeðlilegar kröfur og heimilisaðstæðurnar eru nokkuð skrautlegar þar sem hann býr með bróður sínum og tveimur vinkonum þeirra.
**22.05 Monk** (4:16) Einkaspæjarinn og sérvitringurinn Adrien Monk er mættur aftur og heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn undarlegra sakamála sem flest hver eru æði kómísk, þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.
**22.50 Numbers** (1:23) Þættirnir fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**23.35 Lie to Me** (5:13)
**00.20 Sjáðu**
**00.45 The Loop** (3:10)
**01.10 Fréttir Stöðvar 2**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** Only Fools and Horses **10.30** Absolutely Fabulous **11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Family **12.30** Blackadder Goes Forth **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Family **15.15** Blackadder Goes Forth **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Family **18.30** Blackadder Goes Forth **19.00** Saxondale **19.30** Little Britain **20.00** Torchwood **20.50** Any Dream Will Do **22.05** Saxondale **22.35** Little Britain **23.05** EastEnders **23.35** The Weakest Link

## DR 1

**10.40** Så er der pakket **11.10** Prinsesse Diana - de sidste dage **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.25** Daffys plakatskæg **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Alle vi børn i Bulderby **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Klovedal i Indonesien **18.05** Ægyptens gåder **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** SommerVejret **19.40** Horisont Special. Flugten fra Nordkorea **20.35** Bag tremmer **21.30** Eureka **22.50** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.45** Den sommeren jeg fylte 15 **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Supertrioen **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Eventyret om Thea Foss **17.55** Borettslaget **18.25** Landeplage **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** The Street **21.15** Kveldsnytt **21.30** Derrick **22.30** Dei store krigarane **23.20** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **10.35** Kunskap och vetande **12.25** Biffen och bananen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flyttlasset går **15.25** Norsk attraktion **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Älskar dig för evigt? **16.45** Med huvudduk och höga klackar **17.15** Via Sverige **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Det nya landet **19.00** Historien om Nasa **19.55** The Dish **21.30** Var de verkligen på månen? **22.20** Prophets of science fiction **23.10** Sändningar från SVT24



## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Þráinn var alltaf voða glaðlyndur, duglegur og sjálfstæður sem barn. Mér leist ekkert á hermennskuna fyrst þegar hann sagði mér frá þessu en ég styð hann í því sem hann tekur sér fyrir hendur.“*

Hulda Þráinsdóttir, móðir Þráins Hallgrímssonar sem fékk inngöngu í norskan herskóla í vikunni.

# Horfa til íslenska markaðarins

„Við vorum að staðfesta talsmann frá Habbo Hotel, næst stærsta sýndarveruleika-leik í heiminum. Það er mjög spennandi. Það er samfélag með 138 milljón notendur og við viljum athuga hvernig vörumerki eru að notfæra sér þennan heim til að markaðssetja sig,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar um ráðstefnuna You are in Control.

Hún segir viðkomandi kominn til að kíkja á íslenska tónlist og athuga mögulegt samstarf. Auk Habbo Hotel er fulltrúi Sony í Skandinavíu að skoða íslenska tónlistarmenn „og er þegar kominn með augastað á einum,“ segir Anna.

Á ráðstefnuna hefur verið boðið fólki frá Los Angeles, sem kaupir tónlist í bíómyndir, í framhaldi af vinnu Útflutningsskrifstofunnar í Bandaríkjunum undir nafninu Made in Iceland. Þá tala á ráðstefnunni þau Paul Bennett frá IDEO, Alicen Catron Schneider frá NBC og Universal Television og Elísabet Grétarsdóttir frá CCP.



**TENGSL VIÐ FJÖLMIÐLA** Lay Low og Gogoyoko höfu samningaviðræður við erlenda aðila í kjölfar You are in Control í fyrra.

„Við erum að þróa þetta, þriðja árið í röð. Að þessu sinni vinnum við á mjög víðum grundvelli með skapandi geiranum, kvikmynda-, hönnunar-, myndlistar- og leikjageiranum. Í sameiningu ætlum við að skoða hvernig framtíðarviðskiptamódelin líta út í afþreyingu og menningu,“ segir Anna.

Ráðstefnan er haldin 23.-24. september í samfloti við Alþjóðlega kvikmyndahátíð. Búist er við um hundrað manns að utan í ár, en skráning er hafin og er þátttökugjald á „gamla genginu“ til fyrsta september, aðeins tólf þúsund krónur. - kbs



**ANNA HILDUR** Skipuleggur You are in Control þriðja árið í röð.



**LÁRÉTT: 2.** vísupartur, **6.** frá, **8.** kæla, **9.** tangi, **11.** íþróttafélag, **12.** glans, **14.** fluga, **16.** pot, **17.** fugl, **18.** fálm, **20.** tveir, **21.** traðkaði.
**LÓÐRÉTT: 1.** fjörugróður, **3.** golfáhald, **4.** Grænlendingur, **5.** fley, **7.** skelfing, **10.** tala, **13.** fiskur, **15.** margskonar, **16.** einatt, **19.** svörð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** af, **8.** ísa, **9.** nes, **11.** kr, **12.** gljái, **14.** mölmý, **16.** ot, **17.** lóm, **18.** fum, **20.** ii, **21.** tróð. **LÓÐRÉTT: 1.** þang, **3.** tí, **4.** eskimói, **5.** far, **7.** felmtur, **10.** sjö, **13.** áll, **15.** ýmis, **16.** oft, **19.** mó.




GUÐMUNDUR ÓSKAR SIGURÐSSON: FRAMLEIÐIR ÁNAMAÐKA Í VOGUM

# ÚR MÚRVERKI Í MAÐKANA

„Ég er aðallega að rækta orma til áburðarframleiðslu og svo til að eyða rusli,“ segir Guðmundur Óskar Sigurðsson sem stendur sannarlega í sérstæðum atvinnurekstri – hann lifir og hrærist í heimi sem sumum þykir fremur ókræsilegur. En ekki Guðmundi, sem talar um heillandi heim ánamaðksins. Hann upplýsir blaðamann Fréttablaðsins um að nú þegar eigi hann milljón maðka þótt stutt sé síðan hann byrjaði. Og viðkoman er svo öflug, þeir fjölga sér svo bratt, að í næsta mánuði verða þessir milljón maðkar komnir í sex milljónir. „Þetta eru eins og hænur. Verpa eggjum,“ segir Guðmundur sem er með sína maðkaframleiðslu í Vogum á Vatnsleysuströnd. Hann segist ekki þurfa mikið svæði undir maðkaframleiðslu sína sem hann byrjaði með í einum gámi. „Þetta er orðið óteljandi. Ég tek eina skóflu og þá er upp í kíló á henni. Þúsund ormar. Fyrir utan þá sem ég vinsa úr og eru of litlir.“

Guðmundur sér framtíð í maðkaframleiðslunni sem hann segir sniðuga og spennandi. Hann er múrari en ólíkt léttara er að eiga við maðkinn. Fjöldi maðkategunda er á Íslandi. Erfitt að festa hendur á því að sögn Guðmundar. Menn hér tala um grána, brúna, móra… en í fræðibókum er um annað rætt. Hér er þekktur skoski maðkurinn. Guðmundur er með maðk af Vellinum, sem þá væntanlega er kominn frá Ameríku og svo er hann að skoða rússneskan maðk sem barst til landsins með rússneskum veiðimönnum fyrir tuttugu árum. Guðmundur ræktar fjórar tegundir. Sú tegund sem hann er helst með verður ekki meira en um 15 sentimetrar að lengd. Svo er hann með sérræktun laxamaðka í útihólfi. „Ég hef aldrei séð önnur eins kvikindi. Miklu stærri en ég hef séð í náttúrunni.“

Maðkaframleiðsluna lærði Guðmundur Óskar úti í Englandi og ætlar hann fljótlega að efna til námskeiðs fyrir Íslendinga. Segir þetta bæði frábært hobbý og svo megi hafa lifibrauð af þessu: Með öflugri maðkaframleiðslu úti í bílskúr. Og tilgangurinn er sá að bæði eyða þeir rusli í stórum stíl og svo framleiða þeir áburð. „Maðkurinn borðar allt sem hefur rotnað. Ég fóðra hann á úrgangi sem ég læt rotna og svo bréfi til helminga. Hann þolir vel kúa- og hrossaskít. Étur það líka. Hann étur ryðgað járn, kannski ekki æskilegt en hann étur það nú samt. Hann étur í raun allt nema sítrónu og fuglaskít. Það vill hann ekki sjá. Sóðalegt? Mér finnst það ekki. Jú, sumum finnst vond lykt af þessu,“ segir Guðmundur sem hefur ýmsar hugmyndir uppi. Eins og til dæmis þá að setja sig í samband við fiskeldismenn með það fyrir augum að blanda maðki í fiskafóður. „Þetta er próteinríkasta fæða sem um getur. Jú, jú, menn leggja sér þetta til munns víða um heim. Ekki hérna þó. Hér er nóg að éta.“

jakob@frettabladid.is



**MAÐKAMAÐURINN GUÐMUNDUR ÓSKAR** Mörgum finnst þetta fremur ókræsilegur atvinnuvegur en ekki Guðmundi sem talar um heillandi heim maðksins – sem hann sannarlega er. Gagnsemi ánamaðksins er óumdeilanleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eiður Smári Guðjohnsen skellti sér út á lífið á laugardagskvöldið. Eiður skemmti sér með eiginkonu sinni, Ragnhildi Sveinsdóttur, og vinaparinu Birki Kristinssyni og **Ragnhildi Gísladóttur**. Fjórmenningarnir stöldruðu meðal annars við á Boston þar sem marglitur jakki fótboltastjörnunnar vakti athygli gesta.



Belgíski uppistandarinn Lieven Scheire kemur fram á skemmtistaðnum Batteríinu á fimmtudagskvöld. Honum til halds og trausts verða þeir **Rökkvi Vésteinsson** og Sveinn Waage og hyggjast þeir skemmta gestum á ensku.



Þótt þær séu keppinautar í starfi eru sjónvarpskonurnar **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir** og Sigrún Ósk Kristjánsdóttir miklar og góðar vinkonur. Stöllurnar eru nýkomnar úr þriggja vikna sumarfríi í Bandaríkjunum og þar sem þær dvöldu í Los Angeles og heimsóttu meðal annars Las Vegas og Miklagljúfur. - hdm




# Íþróttafélagið Styrmir selur klósettpappír og grænmeti

Íþróttafélagið Styrmir, sem skipað er samkynhneigðum, er á leið til Kaupmannahafnar þar sem félagið mun taka þátt í Outgames-íþróttamótinu sem fram fer í borginni dagana 23. júlí til 3. ágúst. Þetta er í annað sinn sem Outgames fer fram, en mótið er haldið á tveggja ára fresti. Jón Þór Þorleifsson, meðlimur sunddeildar Styrmis, segir allan undirbúning ganga vel og að mikil eftirvænting ríki í hópnum. „Þetta er um þrjátíu og fimm manna hópur sem fer út, sund- og fótboltalið Styrmis ásamt nokkrum „klappstýrum“. Við höfum safnað fyrir ferðinni með því að selja klósettpappír, grænmeti beint frá bónda og fengum einnig ágóðann af einni sýningu af kvikmyndinni Milk.“ Nýir búningar voru keyptir fyrir ferðina svo liðsmenn færu landi og þjóð til sóma. Aðspurður segist Jón Þór vera viss um að Styrmismönnum eigi eftir að ganga vel á mótinu, „Fótboltaliðið hefur lent í öðru sæti á síðustu tveimur mótum og í sundliðinu eru margir reynsluboltar þannig að ég er viss um að við eigum eftir að koma heim með pening. Kannski verðum við næstu silfurdrengir Íslands,“ segir hann og hlær. - sm



**NÝIR SILFURDRENGIR?** Liðsmenn Styrmis eru spenntir fyrir leikunum og nokkuð öruggir um sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Brúðkaupsgjafir 2009

Líf&List
SMÁRALIND
S: 544-2140



GEORG JENSEN

| | |
|---|---|
| Stærsta skálin | Kr. 20.840.- |
| Mið | Kr. 16.940.- |
| Minnst | Kr. 9.100.- |

KitchenAid



*Sérstök brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum með hverri hrærivél

*Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*



Saeco

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

FALLEGAR KLUKKUR

TIL BRÚÐKAUPSGJAFA FÁST Í MIKLU ÚRVALI Í SALTFÉLAGINU, HALLARMÚLA 4



Nextime Plug inn - svört

Nextime Plug inn - silfruð

Cucù clock – gauksklukka

SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT

ENNEMM / SÍA / NM38576

Fáðu nánari upplýsingar í S: 540-2030 eða kíktu inn á www.saltfelagid.is

## Tilvalin brúðargjöf



**IKEA STOCKHOLM**
**blómavasi 8.990,-**
B20×L39, H20cm. Svart/hvítt

**IKEA STOCKHOLM**
**blómavasi 9.990,-**
B13×L26, H62cm. Hvítt

© Inter IKEA Systems B.V. 2009




**Er erfitt að velja gjöf?**
Af hverju ekki að gefa gjafakort
- upphæð að eigin vali!

IKEA
www.IKEA.is

Tempur
– 15 ár á Íslandi



Frábær afmælistilboð í júlí

Betra BAK

lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

Úrval brúðkaupsgjafa



OPIÐ VIRKA DAGA 11-18, LAUGARDAGA 11-16
ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - 562 4242

„FLOWERPOT“

epal



Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

SID DICKENS MEMORY BLOCKS



HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

**Síðumúla 30 - 108 Rey., Sími 568 4242 www.heimahusid.is**

## Topp 10

**brúðkaupsgjafirnar okkar**



1. Kitchen Aid hrærivél
2. Sódavatnstæki
3. Eva Solo gjafavara
4. Eva Trio pottar og pönnur
5. iRobot ryksuguvélmenni
6. Hnífaparataska fyrir 12
7. Vöfflujárn
8. Grilláhöld í tösku
9. Stálruslatunna 30ltr
10. Kökudiskur á fæti.



byggtogbúið
www.byggtogbuid.is
Kringlunni
568 9400

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is
Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## „Grátur mín einasta vörn“

Heimilisofbeldi gegn körlum varð fréttaefni í sunnudagsmogganum fyrir viku í frétt eftir Andra Karl. Þar er sagt að um „falið vandamál“ sé að ræða og því miður tel ég að svo verði enn um sinn því hörgull er á körlum sem eru reiðubúnir að koma fram og skýra frá þeim afleiðingum sem heimilisofbeldi hefur haft á þá. Ekki hefur heldur náðst í fólk sem alið er upp í slíku ofbeldishjónabandi – sem ætti í raun að vera auðveldara. Andri Karl fór þá leið að ræða við Ingólf V. Gíslason, lektor í félagsfræði, sem benti á að samfélagið henti bara gaman að ofbeldi kvenna á körlum.

**ÞETTA** er alveg rétt. Skemmst er að minnast lagsins sem Ragnar Bjarnason syngur um kokkinn á kútter frá Sandi sem fær kjaftshögg hvern einasta dag. Ekki tekur betra við í landi þegar hann lendir við konuna í slag. Textinn fjallar um heimilisofbeldi í sinni alverstu mynd eins og eftirfarandi línur sýna: „Því á kvöldin er kjaftshöggin dundu, / svo í kjammana báða mig sveið, / og tárin af hvörmum mér hrundu, / þegar hræddur undir rúmið ég skreið.“

**ÉG EFAST** um að vinsældir lagsins hefðu orðið jafnmiklar og þær urðu hefðu þær Helena Eyjólfs eða Ellý Vilhjálms sungið það í orðastað konu. Fyrir viku skrifaði Víkverji um frétt Andra Karls og sagði mikilvægt að körlum byðust sömu úrræðin og konum. Þetta hef ég áður heyrt og tek auðvitað undir það. Hins vegar ber á það að líta að konur komu sjálfar Stígamótum og Kvennaathvarfinu á fót. Þær höfðu orðið varar við þörfina og þorðu að leggja nafn sitt við jafnómurleg fyrirbæri og kynferðis- og heimilisofbeldi.

**ÞAÐ** voru sem sagt ekki Davíð Oddsson, Ragnar Arnalds eða aðrir ráðamenn þess tíma sem ákváðu einn daginn að hefja þá merkilegu starfsemi sem fram fer hjá Kvennaathvarfinu og Stígamótum. Þótt Kvennaathvarfið hafi ekki aðstöðu til að taka á móti körlum veitir það þeim símaráðgjöf og karlahópar hafa lengi verið starfandi í Stígamótum. Hjá þessum samtökum starfa merkilegar konur sem enn hafa ekki séð ástæðu til að elda dýrindis rúsínugrautinn sem kokkurinn á kútternum ætlar að gæða sér á þegar hann losnar undan kvalara sínum. Það er nefnilega enn þörf fyrir starfsemi þeirra – því miður.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 20. júlí 2009, 201. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.57 | 13.34 | 23.09 |
| Akureyri | 3.16 | 13.19 | 23.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


